



Aðgengi fullorðinna að námi á framhaldsskólastigi

Elín Sif Welding Hákonardóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Aðgengi fullorðinna að námi á framhaldsskólastigi

Elín Sif Welding Hákonardóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf

Leiðbeinandi: Dr. Sif Einarsdóttir

Meðleiðbeinandi: Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir

Félags- og mannvísindadeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2016

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Elín Sif Welding Hákonardóttir 2016

Reykjavík, Ísland 2016

Útdráttur

Markmið þessarar rannsóknar var að skoða tækifæri fullorðinna til náms, sem ekki hafa lokið formlegu framhaldsskólanámi. Í ljósi þess að aðgengi nemenda 25 ára og eldri hefur verið takmarkað inn í framhaldsskólana var kannað hvernig eldri nemendur upplifa möguleika sína til menntunar. Rannsóknin byggist á viðtölum við átta einstaklinga á aldrinum 25-30 ára, sem hættu í námi en stunda núna nám utan hefðbundins framhaldsskóla. Niðurstöðurnar sýndu fram á að viðmælendur hættu í námi á sínum tíma vegna námserfiðleika og félagslegra vandamála. Þegar þeir hófu nám að nýju nefndu þeir að þörf væri fyrir aukinn sýnileika námsleiða innan framhaldsfræðslukerfisins, ásamt auknu upplýsingaflæði frá framhaldsskólunum ef þeir fá höfnun á umsókn sinni. Helsta hindrun þátttakenda var fjármögnun námsins og þurftu sumir að skrá sig á atvinnuleysisbætur til að komast á námssamning. Aðrir gátu fengið styrk frá stéttarfélagi sínu, sumir fengu lán hjá fjölskyldu sinni eða styrki frá öðrum stofnunum. Almennt vildu viðmælendur ekki taka námslán. Meginniðurstaðan var sú að nám innan framhaldsfræðslukerfisins er of kostnaðarsamt og því geta niðurstöðurnar til dæmis nýst þeim sem standa að skipulagi menntakerfis héraðs svo hægt sé að koma til móts við þá einstaklinga sem búa við fjárskort og hafa ekki tök á að fara aftur í nám.

Abstract

The aim of this study was to explore how adults who have not completed upper secondary education view the accessibility of education and opportunities to resume their studies. Semi-structured interviews were conducted with people age 25-30, who had dropped out of school, but are now studying in the adult education system. The results shows that those interviewed had abandoned their studies when younger due to learning difficulties and social problems. Once they decided to resume their studies, they felt there was a need for better information on education, especially information about alternative options from the upper secondary schools who had no openings for them due to legal mandates. The biggest obstacle the participants faced involved financing their resumed studying and some even had to resort to claiming unemployment benefits in order to be accepted for further studying. Those who had been in employment were entitled to grants from their unions, others were able to receive personal loans from their families or grants from other institutions. Generally, the participants did not see student loans as a good option, and therefore had to work alongside their studies in order to support themselves and their families. The results can, for example, be of use for those responsible for policy and decision-making in the Icelandic educational system. This study demonstrates the importance of ensuring equal educational opportunities for everyone, irrespective of their financial status.

Formáli

Rannsókn þessi er 30 ECTS lokaverkefni til meistaraþrófs í náms- og starfsráðgjöf við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Rannsóknin var unnin eftir eigindlegri rannsóknaraðferð. Markmið rannsóknarinnar er að skoða tækifæri fullorðinna einstaklinga til náms, sem ekki hafa lokið formlegu framhaldsskólanámi.

Áhugi minn á þessu viðfangsefni varð til vegna mikillar umræðu í samfélaginu í kjölfar yfirlýsingar fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2015 þess efnis að aðgengi nemenda 25 ára og eldri verði takmarkað í framhaldsskólum. Í umræðunum kom meðal annars fram hversu dýrt það væri fyrir eldri nemendur að stunda nám utan hefðbundins framhaldsskóla og vakti það athygli mína. Í framhaldinu fór ég að kynna mér skólagjöldin nánar til að afla mér frekari vitneskju um kostnaðinn sem fylgir því að stunda nám í hinu óformlega skólakerfi. Það gaf auga leið að þeir einstaklingar sem þurfa að nýta sér þessar námsleiðir þurfa að reiða fram mikið fé til að eiga kost á að hefja nám að nýju. Ég ákvað því í framhaldinu að láta lokaverkefnið ná til þess að kanna stöðu eldri nemenda, sem ekki hafa lokið formlegu framhaldsskólanámi en eru í námi núna og sérstaklega með tilliti til efnahags þeirra og fjárútláta vegna námsins.

Rannsóknin var unnin undir handleiðslu Dr. Sifjar Einarsdóttur og Arnheiðar Gígyu Guðmundsdóttur og færi ég þeim sérstakar þakkir fyrir góða og faglega leiðsögn, hvatningu og stuðning. Fjölskyldu minni þakka ég fyrir stuðning á meðan á námi mínu stóð. Síðast en ekki síst þakka ég viðmælendum rannsóknarinnar fyrir þátttökuna, án þeirra hefði rannsóknin aldrei orðið að veruleika.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Abstract.....	4
Formáli.....	5
Efnisyfirlit.....	6
1 Inngangur.....	8
1.1 Mótun menntastefnu og núverandi staða.....	10
1.1.1 Þróun menntastefnu.....	11
1.1.2 Núverandi menntastefna.....	14
1.2 Námsúrræði fyrir fullorðna nemendur.....	17
1.2.1 Nám í símenntunarmiðstöðvum.....	18
1.2.2 Frumgreinanám.....	21
1.3 Einkenni fullorðinna nemenda.....	23
1.3.1 Hvatning.....	25
1.3.2 Hindranir.....	28
1.4 Rannsóknarspurningar.....	30
2 Aðferð.....	32
2.1 Þátttakendur.....	33
2.2 Framkvæmd rannsóknar.....	34
2.3 Skráning og úrvinnsla gagna.....	35
2.4 Siðferðileg málefni.....	36
3 Niðurstöður.....	37
3.1 Reynsla úr fyrri skólagöngu.....	37
3.1.1 Grunnskólanám.....	37
3.1.2 Framhaldsskólanám.....	40
3.2 Að snúa aftur til náms á fullorðinsaldri.....	43
3.2.1 Ástæður þess að snúa aftur til náms.....	43
3.2.2 Aðgengi að námi.....	45

3.2.3	Sambætting fjölskyldulífs, skóla og vinnu.....	48
3.3	Fjármögnun náms	51
4	Umræður	56
4.1	Reynsla úr formlega skólakerfinu.....	56
4.2	Í nám að nýju.....	58
4.3	Fjármögnun náms	61
5	Lokaorð	64
	Heimildaskrá	66
	Fylgiskjal 1.....	74

1 Inngangur

Framhaldsskólakerfið hér á landi hefur verið opið öllum námsmönnum óháð aldri og hafa einstaklingar ekki misst rétt sinn til að hefja nám að nýju eftir ákveðinn aldur. Það hefur jafnframt ekki þótt óeðlilegt að námsmenn taki sér hlé frá námi um óákveðinn tíma og ljúki því síðar (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010). Á Íslandi ljúka færri nemendur framhaldsskóla innan skilgreinds námstíma miðað við önnur Norðurlönd, en á síðustu árum hefur hlutfall þeirra aukist. Árið 2000 höfðu 63% einstaklinga, á aldrinum 25-64 ára, lokið framhaldsskóla en árið 2012 var hlutfallið komið í 71%. Ísland er samt sem áður nokkur eftirbátur hinna Norðurlandanna þar sem hlutfall framhaldsskólamenntaðra innan þeirra er um 90%. Auk þess luku hér á landi einn af hverjum fimm einstaklingum framhaldsskólanámi, sem eru eldri en 25 ára, en í Noregi, Finnlandi, Danmörku og Hollandi luku einn af hverjum tíu framhaldsskólanámi. Meðalaldur framhaldsskólanemenda innan OECD landanna sem ljúka framhaldsskólanámi er um 20 ára aldur en á Íslandi er meðalaldur útskrifaðra nemenda um 23 ára (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014b).

Þann 17. febrúar 2008 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu þess efnis að stefnt væri að því að lækka hlutfall einstaklinga á aldrinum 25-64 ára sem ekki höfðu lokið formlegu námi umfram skyldunámi úr 31% niður í 10% árið 2020 (Forsætisráðuneytið, e.d.; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010). Þegar litið er á tölulegan fjölda einstaklinga sem ekki hafa lokið formlegri menntun á framhaldsskólastigi árið 2020 er um að ræða 16.200 manns. Það þýðir að hækka þarf menntunarstig hjá 21.800 einstaklingum á aldrinum 25-64 ára. Auk þess má gera ráð fyrir aukningu í þessum aldurshópi, þar sem nýir einstaklingar bætast við á ári hverju (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015). Sett voru önnur markmið árið 2014 þegar Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út Hvítbók um umbætur í menntamálum. Þar kemur fram að árið 2011 höfðu einungis 44% nemenda lokið námi úr framhaldsskóla innan skilgreinds námstíma og er markmiðið að hlutfallið verði komið í 60% árið 2018. Í Hvítbókinni er einnig lagt til að sett verði skýrari mörk um aldur og námstíma í framhaldsskólum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014a). Í kjölfarið tóku gildi reglur í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2015 um fjöldatakmarkanir nemenda 25 ára og eldri við innritun í framhaldsskóla. Þar kemur fram að lögð verði áhersla á að mæta þörfum nemenda sem eru yngri en 25 ára þegar um er að ræða skólavist og eldri nemendum er ætlað að nýta sér úrræði sem stendur þeim til boða (Þingskjal nr. 1/2014-2015).

Námsleiðin sem fjallað er um í fjárlagafrumvarpinu og er ætluð eldri nemendum er fyrir þá sem hyggjast stunda háskólanám í gegnum framhaldsfræðsluna (Þingskjal nr. 1/2014-2015). Þjónusta framhaldsfræðslunnar mætir þörfum nemenda sem hafa flosnað frá námi og er þetta oftast nær brothættur hópur, sem þarf frekari hvatningu og stuðning til náms (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015). Þegar litið er yfir það nám sem er í boði fyrir þennan hóp eiga þeir sem ekki luku grunnskóla á sínum tíma kost á að fara í Grunnenntaskólann og í framhaldinu í Menntastöðir. Að því loknu stendur þeim til boða að hefja nám í frumgreinadeildum háskólann, eins og nánar verður skýrt frá síðar. Kostnaðurinn sem nemendur þurfa að greiða fyrir frumgreinanámið hefur aftur á móti einkum verið gagnrýndur. Í skýrslu verkefnahóps um fullorðins- og framhaldsfræðslu kemur fram að ef fyrirnefnd leið eigi að vera raunhæfur kostur fyrir nemendur sem eru 25 ára og eldri þykir nauðsynlegt að huga betur að kostnaðinum sem nemendur þurfa að greiða. Því má þessi námsleið ekki vera það kostnaðarsöm að hún reynist nemendum ógerleg, enda er engum til hagsbóta að taka hærri námslán en þurfa þykir. Í skýrslunni kemur einnig fram að bent hefur verið á að fjarnám og dreifnám séu ekki hentugur kostur fyrir alla og að staðnám sem í boði er sé bæði óraunhæfur kostur og dýr fyrir alla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015).

Meginniðurstaða verkefnahópsins var sú að ef ofangreint meginmarkmið, sem stefnt er að fyrir árið 2020, eigi að nást þá þarf að auka það fjármagn sem nú er úthlutað til framhaldsfræðslunnar. Haustið 2014 voru skráðir 1.165 nemendur, 25 ára og eldri, í framhaldsskóla sem er 6,8% af þeim nemendum sem voru í bóknámi. Það má gera ráð fyrir að það samsvari 522 ársnemendum. Einnig kemur fram að ef fullorðnir nemendur fá synjun um nám í framhaldsskóla geti það aukið aðsókn að framhaldsfræðslunni, sem myndi samsvara áðurgreindum nemendafjölda framhaldsskólanna (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015).

Þegar litið er til fyrri rannsókna sem snúa að námi innan framhaldsfræðslukerfisins og frumgreinanáms kom fram í niðurstöðum rannsóknar Eyðisar Kötlu Guðmundsdóttur (2012) að þeir sem hafa nýtt sér Grunnenntaskólann höfðu jákvæða reynslu af náminu og hafði það jafnframt hvetjandi áhrif til áframhaldandi náms. Niðurstöður rannsóknar Guðrúnar Jónu Magnúsdóttur (2012) benda einnig til þess að nám í Menntastöðum hafi aukið bæði trú á eigin getu og sjálfstraust þátttakenda. Rannsókn Bjarkar Erlendsdóttur (2013) leiddi í ljós

svipaðar niðurstöður þar sem þær sýndu fram á að Menntastöðir hafi verið góður undirbúningur fyrir námið á Háskólabrú og að auki hafi sjálfstraust nemenda, auk trú þeirra á eigin getu, eflst til muna. Líkt og fyrri rannsóknir benda til skila þessar námsleiðir góðum ávinningi fyrir fullorðna nemendur. Fáar rannsóknir hafa aftur á móti verið gerðar sem tengjast námi ungs fólks á aldrinum 25-30 ára með tilliti til efnahags þeirra. Eins og fram hefur komið er hér um að ræða hóp sem er viðkvæmur og að auki eru skólagjöld úrræðanna, sem eru ætluð eldri nemendum, hærri en í hefðbundnum framhaldsskólum. Því er mikilvægt að skoða stöðu eldri nemenda og hvernig þeir upplifa þær menntaleiðir sem standa þeim nú til boða í ljósi nýlegra reglna og stefnu.

Markmið þessarar rannsóknar er að skoða tækifæri fullorðinna einstaklinga til náms, sem ekki hafa lokið formlegu framhaldsskólanámi. Áherslan verður lögð á að kanna hvaða ástæður lágu að baki því að viðmælendur hættu námi á sínum tíma. Upplifun þeirra á að hefja nám að nýju innan námsleiðanna sem núna stendur þeim til boða verður jafnframt skoðuð, ásamt því hvernig þeir standa að fjármögnun námsins. Í ljósi þess að búið er að takmarka aðgengi nemenda 25 ára og eldri að framhaldsskólum landsins og þeim stendur frekar til boða að stunda nám innan framhaldsfræðslukerfisins er mikilvægt fyrir stefnumótun málaflokksins að skoða stöðu og upplifun þessa hóps námsmanna.

1.1 Mótun menntastefnu og núverandi staða

Á síðustu áratugum hefur eitt af markmiðum menntastefnu á Íslandi verið að efla gæði menntunar. Menntakerfið hefur verið byggt á þeirri grundvallarreglu að allir hafi jafnt aðgengi að menntun óháð búsetu, kynferði, fjárhag, trú, félagslegum og menningarlegum aðstæðum. Í Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 er þessi meginregla í 76. grein: „Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.“ Því hefur áhersla verið lögð á að allir fái tækifæri til náms í framhaldsskóla og að samkvæmt lögum hafi allir rétt á að ganga í skóla burtséð frá árangri að skyldunámi loknu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, e.d.). Vert er að líta yfir lagasetningu og stefnumörkun í menntamálum hér á landi og hvernig hún hefur mótað lagaumhverfi hins íslenska menntakerfis í gegnum tíðina. Með því að skoða breytingar á lögum sést hvernig fyrirnefnt meginmarkmið hefur breyst frá því að framhaldsskólinn var öllum opinn og áhersla lögð á öldungadeildir fyrir fullorðna nemendur, yfir í að forgangsraða við innritun og í framhaldinu takmarka aðgengi nemenda 25 ára og eldri að framhaldsskólum. Hér verður því farið yfir

helstu lagabreytingar síðustu ára og hvernig menntastefnan hefur þróast í íslensku þjóðfélagi. Að lokum verður greint frá núverandi stöðu menntakerfisins.

1.1.1 Þróun menntastefnu

Fyrsta heildarlöggjöfin um framhaldsskóla tók gildi á Íslandi árið 1988 en fram að þeim tíma giltu lög um menntaskóla. Í lögum um framhaldsskóla nr. 57/1988 varð sú breyting að allir þeir sem höfðu lokið grunnskólanámi eða öðru samsvarandi námi áttu samkvæmt lögum kost á að hefja nám í framhaldsskóla, óháð árangri í grunnskóla. Löggjöfin hefur oft og tíðum verið kölluð „framhaldsskóli fyrir alla“, þar sem heitið vísar til þess að framhaldsskólinn hafi verið ætlaður öllum þeim sem vildu stunda nám á framhaldsskólastigi (Svandís Nína Jónsdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Hera Hallbera Björnsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003). Í sömu lögum kemur fram að þeir sem eru orðnir 18 ára hafa rétt til að stunda nám að einstökum námsáföngum í dagskóla, ásamt kvöldskóla eða öldungadeilda sem er ætlaður þeim sem sjá sér ekki fært um að stunda reglulega kennslu í skóla. Þá var einnig fyrst sett í lögum að framhaldsskólum er heimilt að bjóða upp á nám sem hefur það að markmiði að efla til endurmenntunarnáms í samvinnu við til dæmis stéttarfélög, faggreinafélög og atvinnurekendur. Miðað er við að námsgjöld fyrir kennslu í kvöldskóla og í endurmenntunarnámi samsvari að minnsta kosti þriðjungu kennslulauna (Lög um framhaldsskóla nr. 57/1988).

Árið 1992 var skipuð nefnd af Menntamálaráðuneytinu til að móta menntastefnu og endurskoða ofangreind lög. Í kjölfarið gaf nefndin út skýrslu árið 1994 þar sem fram kemur að markmið öldungadeildanna sé að uppfylla þarfir fullorðinna nemenda svo að þeir geti stundað nám samhliða vinnu. Lögð var áhersla á að auka þurfi námsframboð í öldungadeildum, þar sem um er að ræða breiðan og fjölbreyttan hóp námsmanna. Einnig kemur fram að í öldungadeildum hefur meðal annars verið boðið upp á iðnnám og starfsnám, ásamt grunnnámi í kjarnagreinum, sem ætluð er þeim sem þurfa að rifja upp námsefni grunnskólans (Menntamálaráðuneytið, 1994). Framangreindar tillögur nefndarinnar um mótun menntastefnu voru að hluta til settar inn í lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996 og í reglugerð um fullorðinsfræðslu og endurmenntun nr. 279/1997. Í lögnum er að finna ákvæði þar sem tekið er fram að framhaldsskólum er heimilt að bjóða upp á nám í öldungadeildum, ásamt endurmenntunarnámskeiðum, að fengnu leyfi menntamálaráðherra. Þar er einnig fjallað um nám í öldungadeildum, sem samkvæmt lögum

Þessum á að vera í samræmi við aðrar námsleiðir framhaldsskólanna. Skipulagið skal hins vegar vera sniðið að þörfum fullorðinna. Í reglugerðinni er tekið fram að framhaldsskólum er heimilt að hafa í boði fyrir þá sem stunda nám í öldungadeildum allar námsbrautirnar sem skilgreindar eru í aðalnámskrá, en þó eingöngu með tilliti til fjármagns, nemendafjölda og aðstæðna hverju sinni (Reglugerð um fullorðinsfræðslu og endurmenntun nr. 297/1997).

Í ágúst árið 2008 tóku ný lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 gildi. Lögin fólu í sér ýmsar breytingar fyrir íslenskt skólakerfi og starfa framhaldsskólar í dag samkvæmt þessum lögum. Í lögnum er ekki kveðið á um öldungadeild eða nám sem ætlað er fullorðnum, eins og í áður nefndum lögum en framhaldsskólum er heimilt að hafa umsjón með námskeiðahaldi og fræðslu sem ætluð er fullorðnum einstaklingum. Líkt og í fyrri lögum frá árinu 1996 á kostnaður slíkra námskeiða að vera aðgreindur frá rekstri skólans og greiddur með þátttökugjaldi eða af þeim sem að námskeiðunum standa. Í lögnum er einnig að finna ákvæði um réttindi til að innritast og þar kemur fram að þeir sem eru orðnir 16 ára og hafa lokið grunnskólanámi eða hlotið samsvarandi undirstöðumenntun eigi rétt á inngöngu í framhaldsskóla. Sérhver framhaldsskóli ber ábyrgð á innritun nemenda og er honum heimilt að gera kröfur um ákveðinn námsárangur og undirbúning við innritun fyrir einstakar námsbrautir. Í kjölfar setningu nýrra laga var gerð breyting á reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla þar sem forgangsöröðun við innritun var lögð til grundvallar. Þar kemur fram að nemendur sem ekki hafa náð 18 ára aldri hljóta ávallt forgang í framhaldsskóla. Það á við þegar nemendur eru að sækja um inngöngu eftir hlé frá námi, eru að flytjast á milli skóla, anna eða skólaárs eða uppfylla ekki námsárangur. Þar á eftir koma nemendur sem eru yngri en 25 ára sem uppfylla skilyrði og í lok forgangsraðarinnar eru aðrir umsækjendur sem ætla sér að stunda nám í kvöldskóla eða fjarnámi (Reglugerð um breyting á reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla nr. 1150/2008).

Í kjölfar gildistöku nýrra laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla árið 2008 hefur verið unnið eftir þeirri menntastefnu sem liggur þar til grundvallar. Í framhaldinu voru búnar til aðalnámskrár fyrir þessi þrjú skólastig, sem hafa að geyma nákvæmari útfærslu á mennta- og skólastefnunni sem fram kemur í lögnum. Í Aðalnámskrá framhaldsskóla kemur fram að skólakerfin skuli tryggja samræmi í menntun allt frá leikskóla til háskóla og fullorðinsfræðslu. Áhersla er lögð á heildstæða menntastefnu en skilin á milli skólastiga þurfa að vera skýr með þeim hætti að nemendur geti í samræmi við persónubundinn þroska og námsstöðu flust

þeirra á milli. Hvert skólastig á að vinna að fjölbreyttum viðfangsefnum og starfsháttum til að hægt sé að komast til móts við námsparfir ólíkra nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Að baki innleiðingar löggjafarinnar um skólastigin þrjú og útfærslu menntastefnunnar sem þar er mörkuð, liggur íslensk stefna um nám alla ævi. Menntamálaráðuneytið gaf út skýrsluna Mótun stefnu um nám alla ævi árið 2010, þar sem litið er á menntakerfið sem eina heild eða allt frá leiksskóla að háskóla og framhaldsfræðslu, rétt eins og fram kemur í Aðalnámskrá framhaldsskóla. Í skýrslunni er vakin athygli á óformlegu námi, sem er menntun sem á sér stað utan skólakerfisins. Þar kemur fram að sú hæfni sem einstaklingar hafa tileinkað sér í lífi og starfi eigi að meta og líta skal á kunnáttu og þekkingu út frá óskum og þörfum einstaklinga og samfélagsins, en ekki eingöngu út frá forsendum skólakerfisins. Mikilvægt er að óformlegt nám njóti viðurkenningar til að það auðveldi einstaklingum að hefja nám að nýju eftir að hafa horfið frá námi. Því er nauðsynlegt að fjarlægja hindranir sem hafa áhrif á aðgengi að námi til að hægt sé að stuðla að aukinni námsþátttöku. Þekking sem einstaklingar hafa aflað sér þarf að gera sýnilegri, ásamt því að mæta ólíkum þörfum einstaklinga. Í skýrslunni er einnig greint frá því að á Alþingi liggja fyrir frumvarp til laga um framhaldsfræðslu þar sem lögð er áhersla á mikilvægi þess að skapa tækifæri til menntunar fyrir þá sem eru með stutta formlega skólagöngu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010). Í framhaldi af því voru lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 samþykkt á Alþingi í mars árið 2010 og tóku gildi sama ár þann 1. október.

Setning laga um framhaldsfræðslu var síðasta atriðið í heildarendurmati lagaumhverfis í íslenska menntakerfinu og hafa þau að geyma formlega viðurkenningu á framhaldsfræðslu. Við upphaf þessarar lagasetningar var þess vegna myndaður rammi um ævimenntun hér á landi (Stefán Stefánsson, 2011). Samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 er framhaldsfræðsla skilgreind í 3. grein sem: „Hvers konar nám, úrræði og ráðgjöf sem er ætlað að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og er ekki skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla eða háskóla.“ Í lögnum er kveðið á um að markmið framhaldsfræðslu sé að gefa einstaklingum, sem lokið hafa lítilli formlegri menntun kost á aukinni þátttöku í þjóðfélaginu, með viðeigandi námstækifærum, til að efla starfshæfni einstaklinga og gera þeim auðveldara fyrir að hefja nám að nýju eftir hlé. Auk þess er markmið laganna að mynda svigrúm og úrræði með það markmið að mæta

hagsmunum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og færni starfsmanna. Markmiðið með þessu var að nám sem flokkast ekki undir formlegt framhaldsskóla og háskólanáms njóti viðurkenningar og sé að auki metið að verðleikum. Með setningu þessara nýju laga var framhaldsfræðslan gerð að fimmtu stoðinni í menntakerfi landsins (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015).

Af ofangreindu má sjá að lög um fullorðinsfræðslu voru hér áður fyrir í lögum um framhaldsskóla frá 1996 og undir reglugerð frá árinu 1997, en með setningu nýrra laga árið 2008 var mörkuð íslensk stefna um nám alla ævi. Þar var litið á menntakerfið sem eina heild og áhersla lögð á að efla tækifæri og hvata fyrir einstaklinga sem hafa litla formlega menntun (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010). Í framhaldinu voru sett ný lög um framhaldsfræðslu árið 2010 þar sem nám fyrir utan hið hefðbundna skólakerfi var staðfest (Jón Torfi Jónasson, 2013). Í nýju framhaldsskólalögum tóku gildi reglur um forgangsörðun við innritun í framhaldsskóla og núna hefur verið sett sú stefna að aðgengi nemenda 25 ára og eldri hefur verið takmarkað. Hér á eftir verður því fjallað um þessa stefnubreytingu sem orðið hefur verið í íslensku menntakerfi.

1.1.2 Núverandi menntastefna

Hér á landi var gerð áherslubreyting í menntamálum, eins og áður hefur komið fram, þar sem aðgengi nemenda 25 ára og eldri var skert inn í framhaldsskólana. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um rekstrarstöðu og reiknilíkan framhaldsskóla, sem birt var í febrúar árið 2014, var fyrst tekið fram mikilvægi þess að þörf sé fyrir endurskipulagningu náms á framhaldsskólastigi. Í henni kemur fram að rekstrarstaða framhaldsskólanna hafi á síðustu árum farið versnandi og ástæðan sé að árleg framlög ríkissjóðs til framhaldsskólanna hafi dregist saman vegna minnkandi tekna ríkissjóðs. Áherslur í skólastarfi hafi hins vegar ekki breyst í samræmi við það. Stjórnendur skólanna hafa gripið til ýmissa leiða til hagræðingar, þar sem þeir hafa til að mynda fækkað námsbrautum, vikið starfsmönnum frá störfum, fjölgað nemendum í námshópum og dregið úr þeirri aðstoð sem var til staðar fyrir nemendur. Í skýrslunni leggur Ríkisendurskoðun áherslu á mikilvægi þess að stjórnvöld móti nýja stefnu um málefni framhaldsskólanna og að verkefnum og fjármögnum til málaflokksins sé forgangsraðað í samræmi við hana. Á þann hátt sé eingöngu hægt að koma á auknu samræmi milli þjónustu í skólunum og fjárframlagi til þeirra (Ríkisendurskoðun 2014).

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar (2014) er einnig bent á að í alþjóðlegum samanburði teljast Íslendingar til þeirra þjóða sem eyða mestu fjármagni í framhaldsskóla og er ástæðan fyrir háum rekstrarkostnaði að um marga og fámenna skóla er að ræða sem staðsettir eru í dreifbýli á landinu. Lengd framhaldsskólanáms hefur einnig haft áhrif en það er lengra hér á landi en í öðrum nágrannalöndum. Að auki byrja margir nemendur í framhaldsskólanámi á hverju ári og eru skólarnir jafnframt opnir fullorðnum einstaklingum, sem luku ekki námi á unglingsárunum. Því hefur meðal annars brotthvarf verið hlutfallslega hátt og aldur við útskrift hár á meðal íslenskra nemenda í framhaldsskólum. Í Hvítbók um umbætur í menntun komu fram tillögur þess efnis að hækka hlutfall nemenda sem ljúka námi úr framhaldsskóla innan skilgreinds námstíma með því að stytta nám til stúdentsprófs, koma á breytingu á skipulagi starfsmenntunar og draga þannig úr brotthvarfi. Farið er fram á að nám til stúdentsprófs verði stytt úr fjórum árum í þrjú ár og að auki verði námstími starfsnáms stytur. Reynt verði að koma á árangursríkara starfsnámi, sem höfðar til allra aldurshópa og markmiðið með því er að auka nemendafjöldann (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014a).

Í Hvítbók er jafnframt lagt til með að setja skýr mörk um aldur og námstíma í framhaldsskólum og er þar miðað við framhaldsskóla annarra Norðurlanda. Í Hvítbókinni kemur fram að í Svíþjóð eiga nemendur að hefja nám ekki síðar en 20 ára og þurfa að hafa lokið námi 23 ára. Í Noregi hafa nemendur frest til að ljúka framhaldsskóla til 25 ára aldurs, en eftir þann aldur þurfa þeir að stunda nám í menntastofnunum sem sinna fullorðinsfræðslu. Í Danmörku geta nemendur eldri en 25 ára aftur á móti stundað nám í framhaldsskóla, sem nemur þremur árum en þeir velja sér frekar nám sem ætlað er fullorðnum nemendum sem fer fram í öðrum menntastofnunum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014a). Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2015 er stuðst við tillögur Hvítbókar, þar sem settar voru reglur um fjöldatakmörkanir nemenda 25 ára og eldri við innritun í framhaldsskóla. Í frumvarpinu kemur fram að beitt verði takmörkunum við innritun í framhaldsskóla, en þar sem hlutfall eldri nemenda í starfsnámi er um 60% þá mun skerðingin síst hafa áhrif á þann hóp. Lögð verður áhersla á að mæta þörfum nemenda sem eru yngri en 25 ára þegar um skólavist er að ræða og verður það í samræmi við reglugerð um innritun og forgangsröðun framhaldsskólalaga (Þingskjal nr. 1/2015-2016).

Í frumvarpinu kemur einnig fram að gert er ráð fyrir almennri fækkun ársnemenda, sem þýðir að í fjárlögum fyrir árið 2015 er gert ráð fyrir að ársnemendur muni verða 18.685, sem er fækkun um 4,7% eða 916 ársnemenda frá nemendatölum fjárlaga 2014. Það fjárhagslega svigrúm sem myndast með fækkun nemenda leiðir ekki til lækkunar framlaga í frumvarpinu sem slíku, þess í stað er hluti framlaganna nýttur til að koma til móts við breytingu á fjölda, sem og greiningarflokkun fatlaðra nemenda á starfsbrautum og einnig að hluta til hækkunar launastiku reiknilíkans. Gert er ráð fyrir að unnið verður að nýrri aðalnámskrá, endurskipulagningu náms á framhaldsskólastigi og unnið verði að markmiðum Hvítbókar um umbætur í menntamálum. Auk þess er gert ráð fyrir að eldri nemendur muni frekar nýta sér úrræði sem eru í boði innan framhaldsfræðslu og frumgreinanáms (Þingskjal nr. 1/2014-2015). Með fjárlögum fyrir árið 2016 kemur einnig fram að framlag til framhaldsfræðslu og starfsmenntunar verði aukið til símenntunarmiðstöðva og Vinnustaðanámsjóðs til að efla tækifæri nemenda 25 ára og eldri til náms (Þingskjal nr. 1/2015-2016).

Í kjölfar þessara fjöldatakmarkana við innritun eldri nemenda í framhaldsskóla myndaðist umræðuvettvangur í samfélaginu og þá einkum á meðal fagfólks innan skólakerfisins. Bent var á ýmis atriði sem einkenna gjarnan eldri nemendur, sem geta dregið úr námshraða eða valdið brotthvarfi. Má þar meðal annars nefna fjárhagslega erfiðleika, slæmar minningar úr fyrra námi, áhugaleysi, vímuefnafíkn og barneignir (Bjarki Ármannsson, 2015; Hrönn Baldursdóttir, 2014). Ennfremur var tekið fram að þessi áform myndu draga úr jafnrétti til náms, þar sem eldri nemendur þurfa að nýta sér dýrari námsleiðir. Mörg ungmenni hafa til að mynda farið beint á vinnumarkaðinn að loknum grunnskóla og eru góðir þjófélagsþegnar og ættu að eiga rétt á að fara í framhaldsskóla hvenær sem þau vilja. Það á að vera valkostur sem hver og einn á að geta nýtt sér þegar þeim þóknast, án þess að þurfa að borga fyrir nám á framhaldsskólastigi (Aðgerðirnar skerði jafnrétti til náms, 2014; Jóhanna Margrét Einarsdóttir, 2014). Að lokum kom fram í ályktun sem stjórn Kennarasambands Íslands sendi frá sér að styrkleiki framhaldsskólans hafi verið fólgin bæði í sveigjanleika á námstíma og aðgengi og telur stjórnin að hlutfall þeirra sem ljúka framhaldsskóla muni ekki hækka ef af þessari lagasetningu verður (Kennarasamband Íslands, 2014).

Af ofansögðu er ljóst að stefnubreyting hefur orðið í íslensku menntakerfi og má segja að þessi stefna hafi smám saman verið að þróast í þessa átt frá árinu 1988. Framhaldsskólar fá ekki lengur fjármagn til að mennta nemendur í bóknámi sem eru eldri en 25 ára og eiga þeir

frekar að mennta sig í framhaldsfræðslu fullorðinna eða í undirbúningsdeildum háskólanna. Markmið næstu ára er því að efla tækifæri eldri nemenda í námi, sem ætlað er fullorðnum nemendum og auka þar með fjárframlag til framhaldsfræðslu, sem í dag er fimmta stoðin í menntakerfinu hér á landi. Í næsta kafla verður fjallað um fimmtu stoð menntakerfisins og námsúrræði sem nemendum 25 ára og eldri er ætlað að nýta sér.

1.2 Námsúrræði fyrir fullorðna nemendur

Í Hvítbók um umbætur í menntun kemur fram að á undanförunum árum hefur framhaldsfræðsla orðið hentugur kostur fyrir eldri nemendur, sem hafa hætt námi í framhaldsskólum. Þar kemur einnig fram að innan framhaldsfræðslunnar fær þessi tiltekni hópur stuðning til að hefja nám að nýju og aðstoð við að ná tilætluðum árangri. Í Hvítbókinni kemur skýrt fram að símenntunarmiðstöðvar sem staðsettar eru víða um landið skulu veita þjónustu við eldri nemendur samkvæmt stefnu ráðuneytisins um nám alla ævi. Þar að auki þarf starfsemi fræðsluaðila að vera samræmd á þann hátt að ef nemendur hyggjast ljúka prófi á framhaldsskólastigi, þá þarf nám í einu námskerfi að vera metið að verðleikum í öðru (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014a). Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur það hlutverk að hvetja einstaklinga til náms, efla framboð á námi sem ætlað er þeim sem eru með stutta formlega menntun að baki og stuðla að auknum gæðum náms í fullorðins- og starfsfræðslu á vinnumarkaði (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.-a). Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sér auk þess um starfsemi Fræðslusjóðs og fjárreiður hans, en Fræðslusjóður gegnir meðal annars því hlutverki að sjá til þess að til séu námstækifæri fyrir einstaklinga, sem eru með litla formlega menntun, ásamt því að ákveða skilyrði fyrir því að þessir einstaklingar geti notfært sér þess konar námstækifæri (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.-b; Þingskjal nr. 262/2009-2010).

Í þessum kafla verður farið yfir námsúrræði sem í boði eru fyrir fullorðna nemendur, sem eru utan hins formlega skólakerfis. Um er að ræða bæði nám í símenntunarmiðstöðvum og frumgreinanám. Nokkur fjöldi nemenda hefur nýtt sér þessar leiðir, þar sem 107 nemendur luku námi í Grunnmenntaskólanum árið 2014 og 394 í Menntastöðum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015). Aðsóknin að aðfaranámi háskólanna hefur einnig að jafnaði verið mikil, þar sem 187 nemendur útskrifuðust af Háskólabró í Keili árið 2014, 110 úr Háskólagátt við Háskólann á Bifröst sama ár og 81 útskrifuðust úr frumgreinadeild Háskólans í Reykjavík árið 2013 (Háskólinn á Bifröst, 2015b; Háskólinn í Reykjavík, 2014; Keilir, 2015). Í

Þessum kafla verður gerð grein fyrir inntökuskilyrðum nemenda, kennslufyrirkomulagi, námslokum auk fjármögnunar til náms.

1.2.1 Nám í símenntunarmiðstöðvum

Hér á landi voru flestar símenntunarmiðstöðvar stofnaðar á árunum 1998-2000 og eru áherslur þeirra breytilegar eftir aðstæðum á hverjum stað. Megin viðfangsefni þeirra er þó alla jafna þrjúþætt og skiptist í náms- og starfsráðgjöf, ásamt námskeiðahaldi fyrir einstaklinga á vinnumarkaði, ýmis konar tómskundarnámskeið og miðlun háskólakennslu fyrir fjarnema. Auk þess geta þeir sem eru með stutta formlega menntun farið í raunfærnimat hjá símenntunarmiðstöðvum þar sem lagt er mat á alhliða þekkingu og færni sem viðkomandi hefur aflað sér, til að mynda með starfsreynslu, skólagöngu og starfsnámi (Þingskjal nr. 262/2009-2010). Símenntunarmiðstöðvar eru starfrækar víða um landið, ásamt námsverum og útistöðvum sem þeim tengjast. Þær eru Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Austurbrú, Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi Vestra, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Þekkingarsetur Þingeyinga, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Mímir – símenntun í Reykjavík, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Fræðslunet Suðurlands, Fræðslusetrið Starfsmennt, Framvegis- miðstöð símenntunar í Reykjavík og að lokum Viska – fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.-c).

Fullorðnir námsmenn geta nýtt sér tvenns konar námsleiðir í símenntunarmiðstöðvum, sem eru með sams konar hætti og nám í framhaldsskólum. Þar er átt við Grunnmenntaskólann og Menntastoðir. Grunnmenntaskólinn hefur verið starfrækur frá árinu 2001 og er ætlaður einstaklingum 20 ára og eldri með stutta formlega menntun að baki. Grunnmenntaskólinn er hentugur kostur fyrir þá einstaklinga sem vilja auka hæfni sína og byggja upp grunn, meðal annars í íslensku, ensku, stærðfræði og tölvunámi og eru engar forkröfur gerðar til lágmarks skólagöngu áður en nemendur hefja nám. Grunnmenntaskólinn er einnig kenndur utan hins venjulega vinnutíma, tvö til þrjú kvöld í viku og á laugardögum. Markmið skólans er að gera nemendum auðveldara fyrir að takast á við ný verkefni, ásamt því að hvetja þá til áframhaldandi náms. Lögð er áhersla á að nemendur læri að læra, styrki stöðu sína í almennum greinum og auki sjálfstraust sitt og lífsleikni (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2009, e.d.-d).

Í Grunnmenntaskólanum eru ekki lögð fyrir hefðbundin próf heldur er árangur nemenda metinn í formi verklegra æfinga, verkefnavinnu og með símati í þeim tilgangi að sem flestir

finni námshraða og námstækni við sitt hæfi. Auk þess er áhersla lögð á að farið sé sem oftast yfir með nemendum hvað hefur áunnist og að framfarir hjá nemendum séu tryggðar. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta námið til allt að 24 eininga í framhaldsskóla, þar sem meta má námið til 12 eininga á kjörsviði, 12 eininga í vali og/eða til almennra greina eftir styrkleika nemanda (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2009, e.d.-d).

Menntastoðir eru hins vegar ætlaðar þeim sem eru að minnsta kosti 23 ára og hafa ekki lokið stúdentsprófi en hyggjast stunda nám við frumgreinadeild háskóla. Námið er 660 kennslustundir að lengd og felur í sér kennslu meðal annars í íslensku, stærðfræði, bókfærslu, upplýsingatækni, ensku, dönsku og námstækni. Námsmatið byggist á einstaklings- og hópverkefnum, þátttöku í tímum og prófum svo dæmi séu nefnd. Lögð er áhersla á samþættingu náms og vinnu og að auki er reynt eftir fremsta megni að samþætta verkefnavinnu hvers námsþáttar við aðra námsþætti. Ákveðið er í samráði við hvern nemanda námsaðferð og námshraða sem hentar hverju sinni og séð er til þess að liðsandinn sé efldur og nemendur styðji hvern annan í náminu. Þar að auki er lögð rík áhersla á að allir nemendur fái kennslu og þjálfun á viðeigandi hátt. Námið er metið til 50 eininga á framhaldsskólastigi og veitir réttindi til að hefja nám í frumgreinadeildum háskóla (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2011).

Boðið er upp á nám í Grunnmenntaskólanum og Menntastoðum hjá símenntunarmiðstöðvum sem staðsettar eru um land allt eftir þörfum og þátttöku innan samfélagsins (Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, Lára Rún Sigurvinsdóttir, Steingerður Ólafsdóttir og Kristín Erla Harðardóttir, 2014). Þar að auki er hægt að stunda nám í Menntastoðum í Keili, þar sem bæði er boðið er upp á staðnám og fjarnám (Háskólabrú, e.d.-a).

Þegar litið er til skólagjalda þessara tveggja námsleiða nema heildar námsgjöld í Grunnmenntaskólanum alls 62.000 kr. en námsgjöldin í Menntastoðum geta verið breytileg milli símenntunarmiðstöðva og eru allt frá 128-136.000 kr. (Fræðslunetið – Símenntun á Suðurlandi, e.d.; Mímir, símenntun, e.d.-a, e.d.-b; Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, e.d.; Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, 2016, e.d.). Námsmenn geta sótt um námsstyrk vegna skólagjalda til síns stéttarfélags, þar sem hvert stéttarfélag er aðili að menntasjóði. Til að eiga rétt á styrk sem slíkum þarf viðkomandi að hafa verið í 100% starfi í sex mánuði af síðustu 12 mánuðum og ákvarðast upphæð styrksins meðal annars af starfshlutfalli og hversu lengi

viðkomandi hefur greitt félagsgjöld til stéttarfélagsins (Landsmennt, 2015; Ríkismennt, 2015; Sjómennt, 2009; Starfsafl, e.d.; Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks, 2014; Sveitamennt, 2016). Úthlutunarreglur eru mismunandi eftir stéttarfélögum og er það undir hverjum og einum komið að kynna sér rétt sinn hjá sínu stéttarfélagi. Ríkismennt, Starfsafl og Sveitamennt veita til dæmis styrk að hámarki 75.000 kr. á ári eða mest 75% af námskostnaði, en Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks veitir styrk að hámarki 90.000 kr. á ári eða sem nemur 75% af námsgjaldi (Ríkismennt, 2015; Starfsafl, e.d.; Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks, 2014; Sveitamennt, 2016). Höfundur leitaði til stéttarfélaga til að fá upplýsingar um þann fjölda sem sækir um ofangreinda styrki fyrir námi í Grunnmenntaskólanum og Menntastoðir, en ekki lá fyrir nákvæm sundurliðun. Það skal tekið fram að um er að ræða hluta af stéttarfélögunum, sem bjóða upp á þessa námsstyrki.

Það eru ekki einungis stéttarfélögin sem einstaklingar geta leitað til ef þeir hyggjast leggja stund á nám, heldur geta þeir sem eru í atvinnuleit fengið námssamning hjá Vinnumálastofnun. Námssamningur er veittur í allt að eina námsönn, að hámarki 13 vikur ef ráðgjafi metur það sem svo að ekki sé líklegt að viðkomandi bjóðist starf á þeim tíma sem samningurinn er í gildi. Þeir sem ætla að stunda nám í Menntastoðum geta fengið námssamning 1 en þá þarf viðkomandi að hafa verið skráður án atvinnu hjá Vinnumálastofnun og hafa verið í atvinnuleit í að minnsta kosti 12 mánuði (Vinnumálastofnun, e.d.-a). Námssamningur 2 er ætlaður þeim sem vilja til að mynda stunda nám í Grunnmenntaskólanum en samningurinn er eingöngu veittur þeim sem hafa á síðustu 12 mánuðum verið þátttakendur á innlendum vinnumarkaði. Þó er heimilt að taka tillit til þess tímabils sem viðkomandi hefur fengið atvinnuleysisbætur. Auk þess þarf viðkomandi að hafa verið skráður á atvinnuleysissskrá og í virkri atvinnuleit í að minnsta kosti þrjú mánuði áður en óskað er eftir námssamningnum (Vinnumálastofnun, e.d.-b). Þar sem bæði Grunnmenntaskólinn og Menntastoðir er viðurkennt sem vinnumarkaðsúrræði eiga þeir einstaklingar sem eru tryggðir í atvinnuleysistryggingakerfinu rétt á þessum úrræðum óháð bótarétti (Reglugerð um nám og námskeið sem eru viðurkennd sem vinnumarkaðsúrræði nr. 1223/2015; Vinnumálastofnun, e.d.-c). Þeir þurfa samt sem áður að sækja um námsstyrk til að fá skólagjöldin greidd niður að hluta til og reiknast styrkurinn ekki sem hlutfall af bótarétti. Námsstyrkur nemur að hámarki 50% af gjaldi námskeiðsins en ekki er greitt meira en 70.000 kr. á ári (Vinnumálastofnun, e.d.-c).

Eins og fram hefur komið geta nemendur sem ljúka námi í Menntastoðum fengið inngöngu í frumgreinadeildir háskóla, sem eru hugsaðar sem undirbúningur fyrir áframhaldandi nám á háskólastigi.

1.2.2 Frumgreinanám

Hér á landi er frumgreinanám ætlað einstaklingum sem ekki luku stúdentsprófi á unglingsárum og hafa oftast nær ekki verið í skóla í mörg ár. Með náminu er leitast við að gera þessum einstaklingum auðveldara að hefja nám að nýju og veitir námið mikilvægan undirbúning fyrir nám á háskólastigi. Þar að auki hefur frumgreinanám orðið mikilvægur þáttur í fullorðinsfræðslu, sem miðar að því að endurmennta einstaklinga sem eru í atvinnuleit með það markmið að bæta stöðu þeirra á vinnumarkaði. Frumgreinanámið er að nokkru leyti mismunandi eftir skólum, en þeir skólar sem bjóða upp á námið eru Keilir, Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Bifröst (Ríkisendurskoðun, 2012).

Í Keili, sem staðsettur er á Ásbrú í Reykjanesbæ, er boðið upp á frumgreinanám á Háskólabrú. Umsækjendur þurfa að hafa lokið að minnsta kosti 117 feiningum í framhaldsskóla, sem jafngildir 70 einingum, til að fá inngöngu í námið og þar af 10 einingum í íslensku, ensku og stærðfræði. Ásamt því þarf viðkomandi að hafa náð 23 ára aldri (Háskólabrú, e.d.-b). Í Háskólabrú er námið tvískipt. Í fyrsta lagi er boðið upp á nám í félagsvísinda- og lagadeild, viðskipta- og hagfræðideild og hugvísindadeild og tekur námið í þessum deildum tvær annir. Í öðru lagi er boðið upp á nám í verk- og raunvísindadeild og tekur námið þrjár annir, en þriðja og síðasta önnin fer fram á sumrin og því líkur náminu um miðjan júlí (Háskólabrú, e.d.-c). Hægt er að taka námið bæði í staðnámi og fjarnámi og er boðið upp á staðnám í Háskólabrú hjá Keili og í SÍMEY á Akureyri (Háskólabrú, e.d.-d). Að náminu loknu eiga nemendur að vera vel undirbúnir fyrir krefjandi háskólanám og geta þeir sótt um inngöngu í háskóla hér á landi, sem og erlendis þar sem námið telst sambærilegt stúdentsprófi. Háskóli Íslands setur samt þá kröfu að nemendur verði að vera orðnir 25 ára þegar þeir sækja um inngöngu í nám (Háskólabrú, e.d.-b, e.d.-c).

Við frumgreinadeild Háskólans í Reykjavík er eingöngu kennt í staðarnámi og er lengd námsins tvær annir. Umsækjendur þurfa að hafa lokið skilgreindu starfsnámi, það er burtfararprófi úr verkmenntaskóla, iðnskóla eða fjölbrautaskóla eða sambærilegu námi til að geta hafið nám við frumgreinadeildina. Þeir nemendur sem ekki hafa lokið starfsnámi þurfa að hafa töluverða starfsreynslu og bóklegan undirbúning til að fá inngöngu. Auk þess geta

nemendur fengið fyrra skólanám metið inn í frumgreinanámið. Í byrjun námsins velur nemandi sér háskólagrunn eftir því í hvaða háskólanám hann ætlar að fara og í boði eru tækni- og verkfræði, tölvunarfræði, viðskiptafræði, lögfræði, sálfræði og íþróttufræði. Nemendur ljúka frumgreinanámi með 200 einingum, sem samanstanda af einingum úr frumgreinanáminu og einingum úr fyrra námi (Háskólinn í Reykjavík, e.d.-a, e.d.-b).

Við Háskólann á Bifröst er boðið upp á frumgreinanám í Háskólagátt, sem býr nemendur undir nám í greinum hug- og félagsvísinda (Háskólinn á Bifröst, e.d.-a). Umsækjendur þurfa að hafa lokið 140 feiningum, sem samsvarar 80-90 einingum, í framhaldsskóla til að geta hafið nám í Háskólagáttinni og að auki þurfa þeir að hafa lokið að lágmarki einum áfanga í stærðfræði, íslensku og ensku. Þó er möguleiki á að skrá sig í þessa tiltekna áfanga og ljúka þeim áður en námið hefst (Háskólinn á Bifröst, 2015a, e.d.-b). Námið stendur yfir í tvær annir, en nemendur hafa kost á að bæta við sig 15 einingum í kjarnagreinum á sumarönn. Boðið er upp á staðnám og fjarnám og eru íslenska, stærðfræði og enska þau aðalfög sem kennd eru í Háskólagáttinni. Nemendur fá engu að síður þjálfun í bókfærslu, upplýsingatækni og dönsku, ásamt því að ljúka námskeiðum í heimspeki og lögfræði (Háskólinn á Bifröst, e.d.-a). Það kemur skýrt í reglum um námið að það tryggir ekki háskólavist hvar sem er, en nemendur geta sótt um undanþágu í háskóla á Íslandi og háskólarnir geta samþykkt það með leyfi frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu (Háskólinn á Bifröst, e.d.-c).

Þegar skólagjöld þessara frumgreinadeilda eru borin saman er ljóst að ódýrast er að stunda nám í Háskólagáttinni við Háskólann á Bifröst, þar sem skólagjöldin fyrir fullt nám þar eru alls 170.000 kr. (Háskólinn á Bifröst, e.d.-a). Við Háskólann í Reykjavík nema skjólagjöld fyrir fullt nám 250.000 kr. og í Háskólabrú hjá Keili kostar fullt ársnám 457.500 kr. (Háskólinn í Reykjavík, e.d.-c; Háskólabrú, e.d.-e). Þeir sem hyggjast stunda nám í þessum undirbúningsdeildum fyrir háskóla geta samkvæmt úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna, í kafla 1.2.2. um sérnám á Íslandi, fengið framfærslulán hjá lánasjóðnum, ásamt skólagjaldaláni, ef gjöldin eru hærri en 75.000 kr. á námsári (Lánasjóður íslenskra námsmanna, e.d.-a, e.d.-b). Auk þess veita starfsmenntasjóðir stéttarfélaganna styrki til niðurgreiðslu á skólagjöldunum og því geta umsækjendur sem greiða í stéttarfélög athugað rétt sinn hjá sínu stéttarfélagi (Landsmennt, 2015; Ríkismennt, 2015; Sjómennt, 2009; Starfsafl, e.d.; Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks, 2014; Sveitamennt, 2016).

Hér hefur verið fjallað um þær námsleiðir sem standa fullorðnum nemendum til boða. Þeir geta farið í Grunnenntaskóla og Menntastoðir í stað framhaldsskóla, en eingöngu Menntastoðir veitir rétt til inngöngu í frumgreinadeildir háskólanna. Hins vegar er Grunnenntaskólinn tilvalinn fyrir þá sem hafa enga formlega menntun og þurfa að byggja upp betri grunn, en geta síðan að honum loknum farið í Menntastoðir. Hvað varðar kostnað við bæði nám í símenntunarmiðstöðvum og við frumgreinadeildir, þá getur fjármagn til náms fyrir fullorðna nemendur verið ansi hár og þá sérstaklega þegar um er að ræða einstaklinga sem þurfa að sjá um að framfleyta fjölskyldu. Aftur á móti er hægt að fá styrki fyrir skólagjöldum og námslán hjá LÍN, en þeir sem stunda nám í símenntunarmiðstöðvum eiga ekki rétt á námslánum (Lánasjóður íslenskra námsmanna, e.d.-a).

Með ofangreinar upplýsingar að leiðarljósi verður nánar fjallað um hópinn, sem ekki hefur lokið formlegu framhaldsskólanámi og þarf að nýta sér nýjar námsleiðir. Í næsta kafla verður fjallað um það hvað einkennir fullorðna nemendur, hvað hvetur þá áfram til áframhaldandi náms og hvaða hindranir geta staðið í vegi þeirra fyrir frekari menntun.

1.3 Einkenni fullorðinna nemenda

Til að fá betri skilning á einstaklingum sem ekki hafa lokið formlegu framhaldsskólanámi og snúa aftur til náms á fullorðinsaldri verður í þessum kafla fjallað um það viðfangsefni. Jafnframt verður litið yfir tilkomu fullorðinsfræðslunnar og hvað einkennir fullorðna nemendur innan hennar.

Hinn fullorðni námsmaður hefur verið skilgreindur á mismunandi vegu af rannsakendum og fræðimönnum. Malcolm Knowles, sem nefndur hefur verið faðir fullorðinsfræðslunnar, skilgreinir fullorðinn einstakling út frá fjórum þáttum. Í fyrsta lagi er það líffræðilega skilgreiningin, sem gengur út frá því að einstaklingar verða fullorðnir þegar þeir komast á kynproskaaldurinn. Í öðru lagi er það lagalega skilgreiningin, sem felst í því að lagalega séð þá verða einstaklingar fullorðnir þegar þeir fá ökuskríteini, komast á kosningaaldur og geta gift sig. Í þriðja lagi er það félagslega skilgreiningin. Einstaklingar verða fullorðnir þegar þeir taka sér fyrir hendur hin ýmsu hlutverk fullorðinna einstaklinga, til dæmis að eignast maka og í framhaldinu börn, eru í fullu starfi og taka þátt í kosningum. Að lokum er það sálfræðilega skilgreiningin sem miðar að því að einstaklingar verða fullorðnir þegar þeir taka sjálfir ábyrgð og stjórn á eigin lífi (Knowles, Holton III og Swanson, 2005). Johnstone og Rivera skilgreina fullorðinn námsmann hins vegar sem einstakling sem er orðinn 21 árs eða eldri, sem heldur

heimili, er giftur og hefur það að megin markmiði að öðlast færni, þekkingu eða upplýsingar (Merriam og Caffarella, 1999).

Hugmyndin um nám fullorðinna þróaðist í nokkurn tíma í Evrópu áður en fræðimenn í Norður-Ameríku fóru að nota hana á sviði fullorðinsfræðslu. Árið 1833 bjó þýskur kennari að nafni Alexander Kapp til hugtakið „andragogy“ eða fullorðinsfræðslu til að greina það frá kenningum um barnafræðslu (e. *pedagogy*) (Knowles, Holton III og Swanson, 2005). Það má næstum líta svo á að Knowles sé upphafsmaður hugtaksins, þar sem hann var helsti talsmaður þess. Knowles skilgreindi andragogy sem listina og vísindin til að aðstoða fullorðna einstaklinga við að læra (Jarvis, 1995).

Líkanið um andragogy byggist á sex grunnhugmyndum:

1. Þörfin fyrir að vita. Fullorðnir einstaklingar verða að vita af hverju þeir þurfa að læra eitthvað. Það felur í sér að þeir gera sér grein fyrir gagnsemi og gildi viðfangsefnisins áður en þeir hefja nám.
2. Sjálfsmynd. Sjálfsmynd fullorðinna einstaklinga byggist á því að þeir taka sjálfir ábyrgð á eigin ákvörðunum og sínu eigin lífi. Þegar þeir eru orðnir meðvitaðir um það, þá þróa þeir með sér djúpa sálfræðilega þörf til að aðrir sjái að þeir hafi stjórn á eigin lífi.
3. Lífsreynsla. Fullorðnir nemendur taka með sér meiri og öðruvísi reynslu inn í nám sitt en þeir sem eru yngri. Þeir hafa augljóslega lifað lengur og hafa því haft fleiri tækifæri til að öðlast reynslu og þekkingu. Fullorðnir nemendahópar eru þannig oft fjölbreyttari en þeir yngri. Fullorðinshópar verða alltaf misleitari en þeir sem samsettir eru af yngra fólki og er það vegna mismunandi uppruna, námsaðferða, áhugahvata, þarfa, áhuga og markmiða.
4. Námsvilji. Vilji fullorðinna nemenda byggist á því að þeir sjái tilganginn með fræðslunni og að hún muni aðstoða þá við að takast á við raunverulegar aðstæður. Þannig grundvallast námsviljinn í því að þeir sjái af hverju fræðslan skiptir máli.
5. Afstaða til menntunar. Afstaða barna og ungs fólks til náms er viðfangsmiðað, en afstaða fullorðinna er lífsmiðað. Það sem hvetur fullorðna einstaklinga áfram í námi er vitneskjan um að námið muni hjálpa þeim við að framkvæma tiltekin verkefni eða takast á við raunverulegar aðstæður. Auk þess eiga þeir auðveldara með að

tileinka sér aukinn skilning, nýja þekkingu, hæfni, gildi og afstöðu þegar kennsluefnið er kynnt í samhengi við raunverulegar aðstæður.

6. Hvatning. Ytri hvatning hefur mikil áhrif á fullorðna nemendur, svo sem betri störf, stöðuhækkun, launahækkun og svo framvegis, en áhrifamesta hvatningin kemur þó oftast innan frá, það er ósk um aukna vinnugleði, sjálfstraust og lífsgæði (Knowles, Holton og Swanson, 2005).

Þátttaka í fullorðinsfræðslu hefur lengi verið umfjöllunarefni meðal fræðimanna og hafa verið gerðar rannsóknir á viðfangsefninu og kenningar komið fram varðandi hvata og hindranir fyrir áframhaldandi námi hjá fullorðnum einstaklingum. Eins og fram hefur komið er sá hópur sem flosnar úr námi á sínum tíma oft brothættur og því er vert að fara yfir þá þætti sem hvetja fullorðna nemendur til náms og hvað það er sem hindrar þátttöku.

1.3.1 Hvatning

Þátttaka fullorðinna nemenda hefur verið rannsökuð á undanförunum áratugum þar sem nauðsynlegt er bæði fyrir stjórnvöld og menntastofnanir í framhaldsfræðslu að vita hverjir taka þátt og hverjir ekki og hvaða ástæður liggja þar að baki til að hægt sé að efla fræðsluna enn frekar (Hróbjartur Árnason, Halla Valgeirsdóttir og Svava Guðrún Sigurðardóttir, 2010; Merriam, Caffarella og Baumgartner, 2007).

Cyril O. Houle kom fram með þrískipta formgerðarflokkun á áhugahvöt fullorðinna námsmanna, sem hefur haldið gildi sínu yfir árin. Í fyrsta hópnum er markmiðsmiðaði námsmaðurinn (e. *goal-oriented learner*) en hjá honum vaknar einhver þörf eða áhugi og er það þar af leiðandi uppfyllt með því að ganga í hóp, lesa bók, fara á námskeið eða fara í ferðalag. Næst er félagsmiðaði námsmaðurinn (e. *activity-oriented learner*) sem hefur þörf fyrir að taka þátt í einhverju nýju frekar en að læra eitthvað um tiltekið viðfangsefni. Þriðji og síðasti flokkurinn er lærdómsmiðaði námsmaðurinn (e. *learning-oriented learner*) sem vill aftur á móti mennta sig til þess að öðlast þekkingu. Í honum býr grunnþörf til að mennta sig og þroskast í gegnum nám og er virkni hans stöðug og varir til æviloka. Houle heldur því ekki fram að þessi flokkun sé fullmótuð eða tæmandi lýsing á áhugahvöt fullorðinna einstaklinga, en hún hefur þó reynst gagnleg til að hvetja til frekari rannsókna (Cross, 1981; Knowles, Holton III og Swanson, 2005). Tough (1979) einfaldar þessa formgerðarflokkun Houle með

því að gera ráð fyrir að fullorðnir einstaklingar mennti sig til að auka sjálfstraust sitt, öðlast tiltekna lífsfyllingu og þóknast eða fá viðurkenningu frá öðrum.

Knowles, Holton III og Swanson (2005) benda á að fullorðnir einstaklingar hafa oft á tíðum meiri áhuga á námi, sem hjálpar þeim við að leysa hversdagsleg vandamál eða stuðlar að aukinni lífshamingju. Þetta felur þó ekki í sér að ytri árangur hafi enga þýðingu eins og launahækkun, heldur frekar að innri árangurinn sé áhrifameiri hvati. Raymond J. Wlodowski kom með ágætis útskýringu á þessum mun, en hann telur að hvatning fullorðinna til að læra byggist á fjórum þáttum. Í fyrsta lagi vilja fullorðnir njóta velgengni í námi, í öðru lagi verða fullorðnir að upplifa að þeir hafi eitthvert val í námi sínu, í þriðja lagi vilja fullorðnir að nám þeirra sé einhvers virði og að lokum vilja þeir að námið sé ánægjulegt (Knowles, Holton III og Swanson, 2005). Niðurstöður rannsóknar Jóhönnu Rósu Arnardóttur og Jóns Torfa Jónassonar (2004) er í samræmi við ofangreindar áhugahvatir, þar sem niðurstöðurnar sýndu að það sem hvetur fullorðna til menntunar er þörfin fyrir að afla sér þekkingar og öðlast aukið sjálföryggi. Sjálföryggið felur í sér þá löngun að geta borið eitthvert starfsheiti, ásamt því að hljóta viðurkenningu innan fjölskyldunnar og annarra á starfsvettvangi fyrir að hafa lokið námi og þar með standa jafnfætis þeim sem viðkomandi umgengst. Sveigjanlegt námsfyrirkomulag, mikið námsframboð og gott viðmót innan skólakerfisins hefur jafnframt hvetjandi áhrif og svo virðist sem löngun til bættrar fjárhagsstöðu og möguleiki á góðu starfi að námi loknu hafi einnig áhrif.

Hvatning og stuðningur frá fjölskyldu, maka, vinnuveitendum, vinum og jafnvel börnum virðist hafa afgerandi áhrif á ákvörðun fullorðinna að verða sér úti um aukna menntun (Auður Jónsdóttir, 2012; Guðrún Jóna Magnúsdóttir, 2012; Halla Valgeirsdóttir, 2011; Jóhanna Rósa Arnardóttir og Jón Torfi Jónasson, 2004; Raket Steinvör Hallgrímsdóttir, 2008; Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir o.fl., 2014 Svava Guðrún Sigurðardóttir, 2011). Auk þess sýndu niðurstöður langtímarannsóknar Sigrúnar Aðalbjarnardóttur og Kristjónu Stellu Blöndal (2005) fram á mikilvægi stuðnings á unglingsárunum. Fram kom að þeir sem hljóta viðurkenningar og stuðning frá foreldrum við 14 ára aldur eru líklegri til að ljúka námi í framhaldsskóla fyrir 22 ára aldur. Rannsóknir hafa einnig sýnt að stuðningur og hvatning frá foreldrum skilar sér til fullorðinna nemenda og getur haft jákvæð áhrif á afstöðu þeirra til náms og námsáhuga á yngri árum (Björk Erlendsdóttir, 2013; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; Svanfríður Inga Jónasdóttir, 2005). Það sama má segja með

fjárhagslegan stuðning þar sem fram kemur í skýrslu um niðurstöðu rannsóknar á þátttöku í námi á fullorðinsárum, sem unnin var af Sigríði Kristínu Hrafnkelsdóttur o.fl. (2014) að fjárhagsstuðningur frá sjóðum stéttarfélaganna og styrkir frá sveitarfélögum er mikilvægur og ein aðalforsenda þess að einstaklingur geti menntað sig samhliða vinnu. Því má segja að fjárhagslegur stuðningur hefur hvetjandi áhrif á þátttöku fullorðinna til náms og þá einkum fyrir einstaklinga sem þurfa að framfleyta fjölskyldu.

Afstaða til fyrri starfa, starfsöryggi, löngun og áhugi til að afla sér aukinnar þekkingar eða áform um að efla getu sína á vinnumarkaði eru einnig mikilvægir hvatar fyrir að hefja nám að nýju (Jóhanna Einarsdóttir og Sif Einarsdóttir, 2004; Jóhanna Rósa Arnardóttir og Jón Torfi Jónasson, 2004; Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 1999, 2001a; Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir o.fl., 2014). Konur hafa einnig nefnt að fjölskylduábyrgð í kjölfar barneigna og fyrirmyndir hafi hvatt þær til að fara aftur í nám. Móðurhlutverkið varð til þess að þær fundu til ábyrgðartilfinningar, sem fól í sér löngun til að vilja mennta sig og þar með tryggja bæði stöðu sína á vinnumarkaði og framfærslu fjölskyldunnar. Hvað varðar fyrirmyndir þá vilja þær stunda nám til að sýna gott fordæmi fyrir börnin sín eða fylgja einhverri fyrirmynd sinni eftir í námi (Svava Guðrún Sigurðardóttir, 2011). Námsframboð og aðgengi að því getur haft áhrif á það hvort einstaklingar fari aftur í nám, þar sem hindrunarlaust aðgengi auðveldar einstaklingum að hefja nám að nýju (Guðrún Jóna Magnúsdóttir, 2012; Jóhanna Rósa Arnardóttir og Jón Torfi Jónasson, 2004).

Að lokum hafa rannsóknir sýnt fram á að sjálfsmynd og sjálfstraust fullorðinna í byrjun fræðslu er alla jafna af skorum skammti og efast þeir jafnvel um sjálfan sig og eru hræddir við að takast á við nám aftur eftir langt hlé. Þá hafa rannsóknir bent til þess að þegar líða fer á þátttöku hefur trú á eigin hæfni styrkst og sjálfstraust aukist, sem leiðir til þess að einstaklingar fá meiri hvatningu til að ná tilætluðum árangri og fylgja eftir draumum sínum er varðar nám og störf. Því þarf að leggja sérstaka áherslu á að leggja skilning á líðan þeirra og aðstoða þá við að aðlaga sig þessum nýjum aðstæðum og hvetja þau áfram, enda er stuðningur stór áhrifaþáttur er varðar endurkomu til náms (Guðrún Jóna Magnúsdóttir, 2012; Halla Valgeirsdóttir, 2011; Rákel Steinvör, 2008).

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því hvaða þættir hafa hvetjandi áhrif á fullorðinn einstakling til náms. Einnig er nauðsynlegt fyrir þá sem standa að skipulagi menntakerfis að vera meðvitaðir um þær hindranir sem geta komið í veg fyrir að fullorðnir einstaklingar, með

stutta formlega skólagöngu, snúi aftur til náms til að hægt sé að fjarlægja hindranir sem verða á vegi þeirra.

1.3.2 Hindranir

Þátttökuhindranir hafa vakið sérstaka athygli rannsakenda og stefnumótunaraðila, en aftur á móti er yfirleitt erfiðara að átta sig á þessum tiltekna hópi sem ekki tekur þátt. Oftast nær eru það einstaklingar sem eru með stutta formlega skólagöngu og hafa mestu þörfina á menntun, sem tekst ekki að verða þátttakendur í fræðslu (Cross, 1981).

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar Allen Tough hafa fullorðnir einstaklingar löngun til að halda áfram að dafna og þroskast en ýmsar hindranir geta staðið í vegi fyrir því. Þar á meðal má nefna lélegt aðgengi að tækifærum og úrræðum, neikvæða sjálfsmynd gagnvart námshæfileikum, tímaskortur og kennsluaðferðir sem ekki eru í samræmi við grundvallarreglur fullorðinsfræðslu (Knowles, Holton III og Swanson, 2005). Í rannsókn Johnstone og Rivera (1965) komu fram tíu mögulegar hindranir, sem þeir skiptu í tvo flokka. Þeir skiptu hindrunum í ytri (aðstæðubundnar) hindranir og innri (viðhorfsbundnar) hindranir. Ytri hindranir eru þær sem einstaklingurinn getur ekki stjórnað sjálfur og innri hindranir eru viðhorf einstaklinga til náms. Í rannsókn Johnstone og Rivera vísuðu eldri einstaklingar frekar til innri hindrana, en yngri einstaklingar og konur töldu frekar að ytri hindranir kæmu í veg fyrir frekara nám.

Til viðbótar við ofangreindar hindranir bætti Kathryn Patricia Cross (1981) við þriðju hindruninni, sem hún nefndi stofnanabundnar hindranir. Í bók sinni *Adults as learners* flokkar hún hindranir í þrennt og gerir skýran greinarmun á þeim. Fram kemur að aðstæðubundnar hindranir eiga rætur sínar að rekja til líf skjara einstaklinga hverju sinni, til að mynda aftrar tímaskortur stórum hluta fólks á aldrinum 24-45 ára frá því að sinna náminu og skortur á fjármunum hindrar oft ungt fólk og aðra tekjulága einstaklinga í að fara í nám. Stofnanabundnar hindranir samanstanda af vinnubrögðum og skipulagi menntastofnana, sem útiloka eða koma í veg fyrir þátttöku fullorðinna í fræðslu og námi, til dæmis staðsetning, námskostnaður, óhentug námskeiðsframboð eða námsbrautir. Viðhorfsbundnar hindranir tengjast sjálfsáliti og viðhorfum einstaklinga gagnvart námshæfileikum sínum. Fullorðnir einstaklingar sem hafa ekki tamið sér góðar námsaðferðir skortir oft sjálfstraust eða áhuga til að stunda nám og þeir sem eldri eru upplifa sig oft sem of gamla til þess að geta lært.

Cross (1981) tekur þó fram að hægt er að setja sum atriði í fleiri en einn flokk, til að mynda getur upplýsingaskortur verið stofnanabundin hindrun ef litið er svo á að stofnanir beri ábyrgð á því að veita tilteknar upplýsingar. Upplýsingaskortur getur einnig verið viðhorfsbundin hindrun ef gengið er út frá því að fullorðnir einstaklingar, sem standa ekki vel að vígi námslega séð, muni ekki leggja sig fram við að nálgast upplýsingar um námstækifæri. Niðurstöður rannsókna hér á landi sýna að fullorðnir mæta sömu hindrunum og Cross greinir frá, þar sem niðurstöðurnar benda til þess að fullorðnir sækja sér síður fræðslu vegna tímaleysis. Þeir eru þreyttir vegna annríkis í vinnu, hafa skyldum að gegna gagnvart fjölskyldulífi og setja fjölskylduna frekar í forgang (Halla Valgeirsdóttir; 2011; Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 1999, 2001a, 2001b; Raket Steinvör Hallgrímsdóttir, 2008; Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, o.fl., 2014; Svava Guðrún Sigurðardóttir, 2011). Bág fjárhagsstaða getur einnig hamlað fullorðnum einstaklingum að snúa aftur til náms og er það einkum vegna þess hversu hár námskostnaður er (Guðrún Jóna Magnúsdóttir, 2012; Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir o.fl., 2014; Svava Guðrún Sigurðardóttir, 2011). Það getur því reynst fullorðnum erfitt að hefja nám að nýju ef fjárhagslegur stuðningur er ekki til staðar (Björk Erlendsdóttir, 2013; Halla Valgeirsdóttir, 2011). Í skýrslu Sigríðar Kristínar Hrafnkelsdóttur o.fl. (2014) voru námslán rædd sem hindrun, þar sem ekki var nokkur áhugi fyrir hendi að skuldsetja sig og af þeim sökum skapaðist ótti á meðal fullorðna einstaklinga varðandi fjármögnun náms. Fram kom að jafnvel þyrfti að upplýsa einstaklinga betur um styrki sem standa þeim til boða hjá til að mynda stéttarfélögum, þar sem fullorðnir þurfa oft á tíðum að sjá um framfærslu sína og fjölskyldu sinnar á meðan á námi stendur.

Hróbjartur Árnason, Halla Valgeirsdóttir og Svava Guðrún Sigurðardóttir (2010) nefna í grein sinni Hvers vegna koma þau ekki? Þátttaka fólks með stutta formlega skólagöngu, nokkra þætti sem hafa áhrif á að fullorðnir einstaklingar sem eru með stutta formlega menntun, sækja sér síður fræðslu. Þau nefna meðal annars háan menntunarkostnað, slæma reynslu af fyrri skólagöngu, lélegt sjálfstraust, skort á upplýsingum um námsframboð og áhugaleysi. Sá áhrifavaldur sem er mest áberandi miðað við niðurstöður fyrri rannsókna er reynsla af fyrri skólagöngu. Margir upplifa neikvæða reynslu úr skóla, sem stundum stafar af námserfiðleikum (Auður Jónsdóttir, 2012; Auður Sigurðardóttir, 2010; Hróbjartur Árnason, Halla Valgeirsdóttir og Svava Guðrún Sigurðardóttir, 2010; Raket Steinvör Hallgrímsdóttir, 2008). Lítil trú á eigin getu og léleg sjálfsmýnd hefur einnig í mörgum tilvikum hamlandi áhrif á þátttöku í fræðslu, sem iðulega tengist neikvæðri reynslu sem viðkomandi upplifði úr fyrri

skólagöngu (Auður Sigurðardóttir, 2010; Björk Erlendsdóttir, 2013; Guðrún Jóna Magnúsdóttir, 2012; Halla Valgeirsdóttir, 2011). Má þar til að mynda nefna einelti, sem hefur oft á tíðum djúpstæð áhrif á þolendur og að auki úrræðaleysi fyrir þá sem eiga við námserfiðleika að stríða (Þóra Ásgeirsdóttir, 2009). Skortur á aðstoð og hvatningu á uppvaxtarárunum, bæði frá fjölskyldu og skólanum, virðist jafnframt vera afgerandi þáttur varðandi ákvörðun um áframhaldandi nám (Björk Erlendsdóttir, 2013; Guðrún Jóna Magnúsdóttir, 2012). Áhugaleysi og stefnuleysi hafa einnig áhrif á endurkomu til náms, sem oft tengist skorti á leiðsögn frá skólanum og foreldrum á yngri árum (Björk Erlendsdóttir, 2013; Gestur Guðmundsson og Hulda Karen Ólafsdóttir, 2013; Guðrún Jóna Magnúsdóttir, 2012; Sigríður Hrafnkelsdóttir o.fl., 2014).

Að lokum hafa niðurstöður fyrri rannsókna sýnt að einstaklingar sem hafa minnstu menntunina eru ólíklegri til þess að sækja sér fræðslu, heldur en þeir sem hafa lokið meira námi (Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 1999, 2001-a, 2001-b; Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir, 2009). Því er mikilvægt að aðgengi eldri nemenda að námi sé með þeim hætti að þeir hafi allir jafna möguleika til menntunar og að það sé reynt eftir fremsta megni að auðvelda þeim endurkomu til náms.

Af ofangreindu er ljóst að margir þættir hafa hvetjandi áhrif er varðar ákvörðun fullorðinna um að sækja sér aukna menntun. Engu að síður skortir stórum hópi fullorðinna hvata eða þeir búa við aðstæður sem kemur í veg fyrir að þeir geti nýtt sér það nám sem stendur þeim til boða, til að mynda vegna námserfiðleika, fjárhagslegra- eða félagslegra aðstæðna. Þess vegna er mikilvægt að tryggja að aðstæður sem slíkar hindri ekki fullorðinn einstakling í að snúa aftur til náms og sérstaklega í ljósi stefnubreytinganna, þar sem gert er ráð fyrir að fullorðnir stundi nám utan hefðbundins framhaldsskóla.

1.4 Rannsóknarspurningar

Nýverið var aðgengi nemenda 25 ára og eldri takmarkað inn í framhaldsskóla með það að markmiði að beina þeim fremur í nám framhaldsfræðslukerfisins (Þingskjal nr. 1/2014-2015). Auk þess er stefnt að því markmiði að hækka menntunarstig fullorðinna einstaklinga á aldrinum 25-64 ára. Stefnt er að því að árið 2020 verði hlutfall eldri einstaklinga eingöngu 10% sem ekki hafa lokið formlegu námi umfram skyldunámi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015). Fyrri rannsóknir hafa sýnt að það sem hefur aftrað fullorðnum einstaklingum í að fara aftur í nám er meðal annars slæm fyrri reynsla af skóla,

lítil trú á eigin getu, léleg sjálfsmynd og of hár kostnaður (Auður Jónsdóttir, 2012; Auður Sigurðardóttir, 2010; Björk Erlendsdóttir, 2012; Raket Steinvör Hallgrímsdóttir, 2008). Í fyrri rannsóknum hefur einnig komið fram að bág fjárhagsstaða hamlar fullorðnum einstaklingum við að snúa aftur til náms og er það einkum vegna of hás námskostnaðar (Guðrún Jóna Magnúsdóttir, 2012; Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir o.fl., 2014; Svava Guðrún Sigurðardóttir, 2011). Það hefur þó lítið verið skoðað og því er vert að kanna það nánar þar sem nám innan framhaldsfræðslukerfisins er vissulega mjög kostnaðarsöm námsleið.

Það gefur auga leið að til að þessu markmiði verði náð, þarf þessi aldurshópur að hafa greiðan aðgang að námi og sérstaklega í ljósi þess að nú hefur aðgengi þeirra að framhaldsskólum verið takmarkað. Þar að auki er þessi tiltekni hópur sem flosnaði úr námi á sínum tíma alla jafna viðkvæmur og því er mikilvægt að skoða nánar stöðu þessara einstaklinga sem nú þurfa að nýta sér nám í símenntunarmiðstöðvum og í undirbúningsdeildum háskólanna.

Markmið þessarar rannsóknar er að skoða tækifæri fullorðinna einstaklinga til náms, sem ekki hafa lokið formlegu framhaldsskólanámi. Við rannsóknina verður notast við eiginlega aðferð með viðtölum við átta námsmenn, sjö viðtöl við konur og eitt viðtal við karlmann. Rannsóknarspurningar sem settar eru fram fyrir þessa rannsókn eru:

- Hvernig lýsa einstaklingar á aldrinum 25-30 ára sem eiga það sameiginlegt að hafa horfið frá námi reynslu sinni af fyrra námi?
- Hver er upplifun fullorðinna á að hefja nám að nýju innan þeirra námsleiða sem þeir þurfa núna að nýta sér í ljósi nýrra laga og stefnu?
- Hvernig fjármagna fullorðnir nemendur nám sitt?

2 Aðferð

Í þessari rannsókn er notuð eigindleg rannsóknaraðferð. Áherslan er lögð á að kanna hvaða skilningur, tilfinningar og reynsla liggja til grundvallar tiltekinni hegðun eða upplifun. Með því er hægt að sjá hvaða merkingu einstaklingar leggja í aðstæður sínar og reynslu (Creswell, 2013). Helsta sérkenni eigindlegra rannsókna er að aðferðin gefur rannsakanda færi á að sjá viðfangsefnið út frá sjónarhorni þátttakenda og skilja hvernig þeir skynja og túlka hegðun, viðburði og önnur viðfangsefni (Hennink, Hutter og Bailey, 2011). Höfundur framkvæmdi eigindlega viðtalsrannsókn til að fá fjölbættan og nákvæman skilning á viðfangsefninu og fæst þessi nákvæmni eingöngu með viðtölum. Eigindleg rannsóknaraðferð gerir einstaklingum kleift að deila sögu sinni og láta í sér heyra og hentar því aðferðin rannsókninni vel þar sem leitast var við að fá innsýn í reynslu þeirra sem nú þurfa að nýta sér námsleiðir innan framhaldsfræðslukerfisins.

Fyrirbærafræði (e. *phenomenology*) er fræðilegt sjónarhorn sem notast var við í rannsókninni. Fyrirbærafræðilegar rannsóknir veita djúpan skilning á því hvernig einstaklingar upplifa reynslu sína af tilteknu fyrirbæri. Þær eru því notaðar til að lýsa sameiginlegri upplifun þátttakenda af ákveðnu fyrirbæri. Kjarninn í upplifunum er dreginn skýrt fram og er kjarninn það sem rannsókn í fyrirbærafræði snýst um (Creswell, 2013). Þar sem markmið rannsóknarinnar var að skoða stöðu fullorðinna einstaklinga sem eiga það sameiginlegt að hafa ekki lokið formlegu framhaldsskólanámi og ákveðið að snúa aftur til náms eftir 25 ára aldur, taldi rannsakandi þessa aðferð henta viðfangsefninu vel. Leitast var við að skilja hvað þátttakendur eiga sameiginlegt varðandi reynslu af fyrri skólagöngu og hvers vegna þeir flosnuðu úr námi á sínum tíma. Þar að auki var leitast við að fá innsýn inn í reynslu viðmælenda á að hefja nám að nýju innan námsleiðanna sem núna stendur þeim til boða í ljósi nýjustu laga og reglna. Upplifun þeirra var einkum skoðuð með tilliti til efnahags.

Gagnasöfnun fór fram með opnum einstaklingsviðtölum (e. *in-depth interviews*) með viðtalsramma til hliðsjónar (Viðauki 1). Með viðtölum er viðfangsefnið skoðað út frá mismunandi sjónarmiðum, þar sem reynt er eftir fremsta megni að ná fram dýpt í umfjölluninni. Opin viðtöl gefa því rannsakanda færi á að fá dýpri og persónulegri svör, sem veita meira innsýn inn í viðhorf og skoðun viðmælenda (Brinkmann og Kvale, 2015).

2.1 Þátttakendur

Rannsóknin beindist að átta einstaklingum sem höfðu flosnað úr skóla og notast var við markmiðsúrtak (e. *purposive sample*) við val á viðmælendum. Markmiðsúrtak byggist á því að einstaklingar sem valdir eru henta best markmiði rannsóknarinnar (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Markmiðsúrtakið er því hentugt í eigindlegum rannsóknum þegar rannsakandinn hefur mestan áhuga á þátttakendum sem hafa víðtækustu vitneskjuna um rannsóknarefnið (Creswell, 2013). Sett voru þau viðmið að þátttakendur þurftu að vera á aldrinum 25-30 ára og stunda nám utan hefðbundins framhaldsskóla. Ákveðið var að beina sjónum að einstaklingum á þessum aldri vegna þess að um er að ræða einstaklinga sem eru að koma undir sig fótunum í lífinu og eru jafnvel með ung börn á framfæri.

Viðtöl voru tekin við sjö konur og einn karlmann og til að tryggja trúnað og nafnleynd var nöfnum þeirra breytt. Hér er þeim lýst stuttlega.

Eva er þrítug, fædd og uppalin í Reykjavík. Hún er í sambúð og á fjögur börn og eitt stjúpbarn. Börnin eru á aldrinum 3-11 ára. Eva er í frumgreinanámi og vinnur í hlutastarfi með börnum.

Aníta er 27 ára gömul, fædd og uppalin úti á landi. Hún er í sambúð og á einn fjögurra ára gamlan son. Hún hefur lokið Grunnmenntaskólanum og Menntastoðum og stundar nú frumgreinanám.

Þórunn er 26 ára gömul, fædd og uppalin á höfuðborgarsvæðinu. Hún er einhleyp og býr hjá foreldrum sínum, ásamt sjö ára gömlum syni sínum. Þórunn er í frumgreinanámi og starfar í hlutastarfi við afgreiðslu.

Óskar er 26 ára gamall og býr á höfuðborgarsvæðinu. Hann er einhleypur, barnlaus og býr á áfangaheimili. Óskar hefur lokið almennum bóklegum greinum og er nú í Menntastoðum.

Hera er 26 ára gömul, fædd og uppalin á höfuðborgarsvæðinu. Hún er í sambúð og á tvö börn og eitt stjúpbarn. Börnin eru á aldrinum 1-12 ára. Hera er í Menntastoðum og er í fullu starfi sem stuðningsfulltrúi.

Birna er 27 ára gömul, fædd og uppalin í Reykjavík. Hún er í sambúð og á eitt barn og eitt stjúpbarn og eru þau sex og átta ára. Birna hefur lokið Grunnmenntaskólanum og er nú í Menntastoðum.

Ása er 26 ára gömul, fædd og uppalin á höfuðborgarsvæðinu. Hún er einhleyp, barnlaus og leigir íbúð í Reykjavík. Ása er í Menntastoðum.

Katla er þrítug og er fædd og uppalin í Reykjavík. Hún er í sambúð og barnlaus. Katla er í Menntastoðum og er í fullri vinnu sem þjónustufulltrúi.

2.2 Framkvæmd rannsóknar

Til að finna þátttakendur í rannsóknina, sem eru í þeirri stöðu að hafa hætt í námi en ákveðið að hefja nám að nýju hafði rannsakandi samband við náms- og starfsráðgjafa Háskólabrúar og verkefnastjóra á símenntunarmiðstöð til að fá aðstoð við að finna viðmælendur. Rannsakandi gerði þeim grein fyrir markmiðum og tilgangi rannsóknarinnar og í framhaldinu höfðu þeir samband við hugsanlega þátttakendur. Rannsakandi fékk uppgefin nöfn og netföng einstaklinga sem sýndu rannsókninni áhuga og var hverjum og einum sendur tölvupóstur þar sem þakkað var fyrir sýndan áhuga. Í kjölfarið var ákveðið í sameiningu hvenær best væri að taka viðtölin og gaf rannsakandi viðmælendum kost á að ákveða sjálfir viðtalsstað. Viðmælendur óskuðu eftir að fá að vera ýmist í heimahúsi, í fundarherbergjum á vegum háskólans eða í stofu, sem höfundur fékk aðgang að hjá símenntunarmiðstöðinni.

Það sem einkennir opin viðtöl er viðtalsrammi sem tengist rannsóknarspurningum og forsendum rannsóknarinnar. Viðtalsramminn á ekki að stýra viðtölunum, heldur er hann sveigjanlegur og hafður til hliðsjónar til að viðmælendur hafi frelsi til að tjá sig hindrunarlaust (Helga Jónsdóttir, 2013). Viðmælendur voru beðnir um að lýsa upplifun sinni af fyrri skólagöngu, ásamt stuðningi frá fjölskyldu og skólakerfinu. Reynt var að fá fram bæði megin ástæður þess að hætt var í námi á sínum tíma, auk helstu ástæðna þess að ákveðið var að hefja nám að nýju. Viðmælendur voru spurðir hvernig þeir upplifðu aðgengi að námi, hvort þeir hefðu fundið fyrir stuðningi eða hindrunum við að hefja aftur nám, hvernig þeir komust fyrst í kynni við núverandi nám og hvernig þeim gangi að samþætta heimilislíf, atvinnu og skóla. Að lokum var reynt að fá fram hvernig viðmælendur standa að fjármögnun námsins.

Viðtölin sem um er að ræða eru eins og fyrr segir átta talsins og var fyrsta viðtalið tekið 15. mars og það síðasta 31. mars árið 2016. Viðtölin voru um 30-60 mínútur að lengd og voru þau hljóðrituð með samþykki viðmælanda. Áður en viðtölin voru tekin upp hafði rannsakandi nokkur lykilatriði árangursríkra viðtala í huga. Rannsakandi lagði fyrst og fremst áherslu á þá hæfni að geta lagt skilning á tilfinningar og frásögn viðmælanda, ásamt því að ná fram sameiginlegum skilningi (Brinkmann og Kvale, 2015; Seidman, 2006). Enn fremur ber að hafa í huga samhygð, þar sem vert er að sýna viðmælendum vinsemd og einlægni og reyna að setja sig í þeirra spor. Á sama hátt lagði rannsakandi sig fram við að sýna viðmælendum

traust, virðingu og heiðarleika, þar sem viðmælendur verða að treysta því að rannsakandi fari vel með þær upplýsingar sem þeir veita enda var fyllsta trúnaðar gætt við meðhöndlun gagna (Seidman, 2006).

2.3 Skráning og úrvinnsla gagna

Viðtölin voru tekin upp, eins og fram hefur komið, og notaði rannsakandi snjallsíma sem upptökutæki. Viðtölin voru síðan afrituð orð fyrir orð strax að loknu viðtali og að auki skráði höfundur niður aðdraganda hvers viðtals ásamt hugleiðingum. Afritun gagnanna tók ýmist einn eða tvo daga og voru gögnin 246 blaðsíður að afritun lokinni. Gagnagreining var unnin eftir nálgun grundaðrar kenningar (e. *grounded theory*), sem samanstendur af kerfisbundinni aðferð við að safna og greina eigindleg gögn. Greining fer fram samhliða gagnasöfnun og því er gögnum safnað saman til þess að búa til kenningu (Charmaz, 2014).

Aðferð Kathy Charmaz (2014) var lögð til grundvallar og var fyrsta skrefið í greiningunni kóðun (e. *coding*). Kóðun felur í sér að flokka og gefa tilteknum hluta gagnanna heiti, sem gefa til kynna hvers konar gögn og upplýsingar er um að ræða. Kóðun er fyrsta skrefið til að hætta að líta einungis á staðreyndirnar yfir í að greina og túlka viðfangsefnið. Með þessari aðferð kom rannsakandi fram með túlkanir og skýringar á viðfangsefninu.

Samkvæmt Charmaz (2014) felur greining grundaðrar kenningar í sér tvö megin þrep, sem eru opin kóðun (e. *initial coding*) og markviss kóðun (e. *focused coding*). Með opinni kóðun voru gögnin bútuð niður og skoðuð ýtarlega með opnum hug og án fyrirfram gefinna hugmynda. Gögnin voru skoðuð línu fyrir línu og jafnvel orð frá orði. Auk þess voru málsgreinar og setningar greindar og spurningar bornar fram. Textahlutarnir voru skoðaðir ýtarlega og að því loknu fór rannsakandi til baka í gögnin og beindi sjónum að þáttum sem þóttu mikilvægir fyrir rannsóknina. Á þessu stigi byrjuðu að koma í ljós mynstur eða þemu sem voru áhugaverð.

Þegar tiltekin þemu höfðu komið fram var hægt að beina sjónum að markvissri kóðun til þess að mynda heild, samþætta og skilgreina hugtök í gögnunum. Markviss kóðun flýtti fyrir greiningunni án þess að fórna smáatriðunum, sem finna mátti í gögnunum og opnu kóðuninni. Þessi gerð kóðunar dró saman og skerpti á þeirri greiningu sem rannsakandi hafði unnið vegna þess að hún varpaði ljósi á það sem þótti mikilvægt. Með markvissri kóðun var verið að grandskoða, flokka, draga saman og greina meira magn af upplýsingum. Í lok markvissrar kóðunar fóru megin þemu og undir þemu að taka á sig mynd. Á meðan

gagnasöfnun og greining fóru fram skrifaði rannsakandi niður hugmyndir á greiningarblöð (e. *memos*). Hugmyndirnar byrjuðu að mótast á þessum blöðum og á þeim sést einnig hugsanaferli rannsakandans (Charmaz, 2014).

2.4 Siðferðileg málefni

Við gerð eigindlegra rannsókna þarf að huga að ýmsum siðferðilegum álitamálum. Þátttakendum var gerð grein fyrir tilgangi rannsóknarinnar, markmiði, með hvaða hætti niðurstöður yrðu birtar og að fyllsta trúnaðar yrði gætt varðandi persónulegar upplýsingar, sem ekki væri hægt rekja til þeirra. Þátttakendur skrifuðu undir trúnaðaryfirlýsingu og samþykki vegna þátttöku, þar sem fram kom að þeim yrðu gefin gervinöfn og að lokinni afritun og greiningu gagna yrðu öllum gögnum eytt. Einnig var þátttakendum gert ljóst að þeim væri frjálst að hætta þátttöku á hvaða tíma sem væri og var þeim gefið færi á að spyrja spurninga ef eitthvað væri óljóst. Að lokum mæla lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 fyrir um tilkynningarskyldu rannsókna og því var rannsóknin tilkynnt til Persónuverndar.

3 Niðurstöður

Markmið rannsóknarinnar er að skoða tækifæri fullorðinna einstaklinga til náms, sem ekki hafa lokið formlegu framhaldsskólanámi. Kaflanum er skipt í þrjá hluta með hliðsjón af rannsóknarspurningum og því verður farið yfir helstu niðurstöður með þær að leiðarljósi. Fyrst ber að nefna *reynslu úr fyrri skólagöngu*, þar sem áhersla er lögð á að veita innsýn inn í bakgrunn viðmælenda. Næst verður fjallað um reynslu viðmælenda af því *að snúa aftur til náms á fullorðinsaldri*, en þar verða skoðaðar ástæður þess að nám var hafið að nýju, hver upplifun viðmælenda er af því að hefja nám innan framhaldsfræðslukerfisins og hvernig þeir samþætta fjölskyldulíf við skóla og vinnu. Að lokum verður farið yfir það hvernig viðmælendur standa að *fjármögnun náms*.

3.1 Reynsla úr fyrri skólagöngu

Skólaganga þátttakenda var nokkuð misjöfn, en allir áttu það sameiginlegt að hún gekk ekki vel og því hættu þeir í framhaldsskóla. Þegar reynsla viðmælenda var skoðuð af fyrri skólagöngu komu fram meginþemun *grunnskólanám* og *framhaldsskólanám*. Þar kom einnig fram undirþemu varðandi stuðning frá fjölskyldu, ásamt skólakerfinu og verður þeim fléttað saman við þemun grunn- og framhaldsskólanám, þar sem þau voru einkum áberandi í frásögnum viðmælenda.

3.1.1 Grunnskólanám

Upplifun viðmælenda af grunnskólanáminu var misgóð en flestir fóru að finna fyrir áhugaleysi síðustu árin í skólanum af ýmsum ástæðum. Eva og Þórunn sögðu báðar að grunnskólaárin sín hefðu verið fín, en þegar líða fór á skólagönguna fóru þær báðar að finna fyrir áhugaleysi gagnvart náminu. Eva sagði að námið hefði alltaf gengið „upp og niður,“ en hún nennti ekki að sinna náminu, þar sem henni fannst það ekki „heillandi“ og þá einkum raungreinarnar. Þórunni gekk vel í skóla þar til hún var komin á unglिंगastigið. Þá fór henni að ganga illa í stærðfræði og að auki hætti hún að sinna náminu sem skyldi og fór að „tossast“ og „skrópa“ í skólanum. Að sögn Evu var skólinn alltaf að „ýta“ á eftir henni og það sama má segja með Þórunni. Hún fékk sérkennslu í stærðfræði og að auki voru foreldrar hennar óvissir um hvað væri í gangi, þar sem henni hafði alltaf gengið vel í skóla. Lýsti hún því hegðun sinni á þann hátt að á þessum tíma hafi hún eingöngu verið í „uppreisn.“

Hera, Ása, Birna, Óskar og Katla voru greind ýmist með ADHD, lesblindu og/eða talnablindu í grunnskóla, sem hafði í för með sér námsörðugleika og síðar áhugaleysi gagnvart náminu. Meirihlutinn fékk ekki greiningu fyrr en seint í grunnskóla og voru það jafnvel foreldrarnir sem veittu því fyrst athygli að hugsanlega gætu námserfiðleikarnir átt sér einhverjar orsakir. Foreldrar Ásu sendu hana til „dyslexíu læknis“ og var hún í framhaldinu greind með talnablindu. Það sama má segja með Heru. Þrátt fyrir að hún hafi fengið lélegar einkunnir og þá einkum í stærðfræði veitti enginn í skólanum því sérstaka athygli og var það aldrei rætt við foreldra hennar. Móðir Heru ákvað þó að senda hana til sálfræðings, en hann greindi hana með athyglisbrest og talnablindu. Þrátt fyrir að móðir hennar hafi átt frumkvæði að því að finna orsök námserfiðleikanna hafði Hera orð á því að hún hafi ekki fengið mikinn stuðning með heimalærdóminn. Hún taldi að hvatningu hafi skort frá foreldrum sínum á þessu tímabili og þegar hún bað um aðstoð við stærðfræðina fékk hún þau svör frá móður sinni að hún væri sjálf ekkert góð í stærðfræði og lét þar við sitja. Hera sagði:

...ég held að þetta hafi rosalega mikið að segja hvernig foreldrar hérna ... svona tala við börnin sín í sambandi við námið sérstaklega þetta í staðin fyrir að peppa mann upp og hérna ... reyna að ýta manni aðeins áfram.

Hera fékk sömuleiðis ekki mikla aðstoð frá neinum í skólanum og lýsti viðmóti starfsfólks skólans á eftirfarandi hátt: „...ég var bara vitlaus unglingur sem nennti ekki að læra ég held að það hafi svolítið verið horft á þetta svoleiðis.“ Hún talaði einnig um skort á viðeigandi aðstoð frá skólanum, sem hafði áhrif á andlega líðan hennar og velgengni í áframhaldandi námi:

Á unglingsstigi þá er maður kominn út í svo flókna stærðfræði ... og ef maður hefur ekki skilninginn, maður dregst aftur úr þá missir maður svolítið sjálfstraustið og þú veist það er eiginlega bara þínu svona ... það vindar svolítið upp á sig og það er bara erfitt að ná sér aftur á strik með það ... en í staðinn þú veist ef ég hefði einmitt verið bara á góðu róli, góðu róli með aðstoð þú veist frá upphafi að þá kannski hefði þetta ekki farið svona ... þá hefði ég kannski haldið framhaldsskólanum út.

Birna tók í sama streng og Hera og sagðist ekki hafa fengið mikla aðstoð vegna athyglisbrestsins og stærðfræðiblindunnar og því ávallt upplifað sig sem „ofboðslega heimskan nemanda“. Af þeim sökum hafði hún engan áhuga á að læra og lagði sig því ekkert fram í náminu. Sjálfsmyndin hafi verið brotin og vonleysi gerði vart við sig:

...þegar þú ert komin út í það þú veist með sjálfsmýndunina þína þér finnst þú bara vera heimsk og þér finnst bara eins og þú getir þetta ekki þá... er mjög erfitt að snúa blaðinu fyrir sko unglings.

Auk þess byrjaði Birna að drekka og reykja einungis 12 ára gömul. Hún var send í meðferð í níunda bekk og kláraði þar af leiðandi ekki grunnskólann. Birna bjó hjá móður sinni á þessum tíma en fékk engan stuðning frá henni, þar sem hún sá um tvö önnur börn og veitti þeim alla sína athygli; „...ég var bara ég og sá bara um mig sjálf.“

Óskar hafði svipaða sögu að segja en hann „byrjaði svona fyrir víst“ í neyslu í tíunda bekk en var að hans sögn kominn í slæman félagsskap þegar hann byrjaði í áttunda bekk. Hann hætti að sinna náminu og lýsti hann þessum tíma á þann hátt að í lok sjöunda bekkjar fékk hann lélegar einkunnir og fór því í „tossabekk“ þegar hann byrjaði í áttunda bekk, sem réði miklu um viðhorf hans til skólans:

...það hefur haft alveg gríðarleg áhrif á mig þá hef ég bara verið að gefa puttann sko ... þannig að í áttunda og níunda þá var ég bara þú veist í rauninni þótt ég var ekkert byrjaður í neyslu eða eitthvað þannig af einhverju viti sko þá var mér alveg bara skítsama samt sem áður um skólann sko.

Ása hafði einnig orð á því hvernig nemendum var skipt á milli bekkja, þar sem hún var eins og fyrr segir greind með talnablindu og gekk því illa í stærðfræði. Að auki átti hún erfitt með íslenskuna og var því í bekk með þeim sem þurftu að fara hægar yfir efnið, en samt sem áður var engin hvatning til að ná árangri; „...maður var eiginlega bara þínu dæmdur bara já þið eruð vitleysingarnir þannig þið eruð þarna og þú veist og ef maður gat þetta ekki þá bara gat maður þetta ekki.“ Fjöldi nemenda í bekk virðist einnig hafa áhrif á viðmælendur en Katla var greind með ADHD og lesblindu og átti því erfitt með einbeitingu. Henni gekk ágætlega í skóla fram að sjöunda bekk en þá hóf hún nám í öðrum skóla sem var stærri. Í honum voru fleiri saman í bekk og ekki eins mikið utanumhald og í þeim fyrri. Henni fór í framhaldinu að hraka í náminu og áhugaleysi gerði vart við sig:

...þetta var erfitt og út af því að þetta var erfitt, maður þurfti að leggja meira á sig að þá eiginlega fór maður að missa áhugann út af því þú veist ... maður var svo lengi að þessu maður þurfti að hugsa svo mikið og maður var oft svona ... þreyttur og pirraður oft undir lokin að þá var náttúrulega áhuginn náttúrulega minnkar.

Birna var á sama máli og Katla og telur að það sem hafi verið ábótavant í grunnskóla hafi verið skortur á einstaklingsmiðuðu námi; „...það er ekkert hægt að bjóða fólki upp á það að vera skilurðu næstum því þrjátíu krakkar í bekk og þau eiga öll að vera á sömu blaðsíðu.“

Aníta var eini viðmælandinn sem varð fyrir einelti í grunnskóla og að auki varð hún bæði fyrir líkamlegu og andlegu ofbeldi af hálfu foreldra sinna. Eineltið náði hámarki þegar Aníta var í fimmta bekk og þá fyrst fór hún að gera sér grein fyrir eineltinu og það fór að láta til sín taka. Aníta hafði orð á því að þegar „eitthvað gekk á“ milli hennar og samnemanda þá var það ávallt hún sem var send til skólastjórans en ekki gerendur eineltisins; „... ég átti bara að hætta að væla og þú veist allskonar svona hlutir, þessi skóli er alveg þekktur fyrir þetta.“ Erfiðleikarnir heima fyrir fóru einnig að hafa áhrif á Anítu og var það ekki fyrr en hún var í tíunda bekk að brugðist var við ofbeldinu:

...það tók svoldið langan tíma að trúa mér eða þú veist út af því að það var alltaf svona hann sagði hún sagði sko því það sást aldrei neitt á mér og svo loks þegar ég var svona 15 þá sást á mér og þá var ég þú veist fór ég bara strax til námsráðgjafa í skólanum mínum.

Foreldrar Anítu höfðu áður verið undir eftirliti hjá barnaverndarnefnd og hafði hún orð á því að hún hafi „verið í kerfinu heillengi“ áður en hún var síðan send á fósturheimili 16 ára gömul.

Líkt og fram kemur í máli viðmælenda einkenndist upplifun þeirra úr grunnskóla af námserfiðleikum, félagslegum vandamálum og áhugaleysi. Það virðist þó ekki hafa haldið aftur af þeim, þar sem meirihluti þeirra hélt áfram námi að loknum grunnskóla.

3.1.2 Framhaldsskólanám

Þrátt fyrir slæmt gengi í grunnskóla fóru allir viðmælendur strax í framhaldsskóla nema Birna. Hún var á meðferðarstofnunum til 17 ára aldurs og fljótlega eftir að síðustu meðferðinni lauk varð hún barnshafandi og því ekki í stakk búin til að fara aftur í nám. Meirihluti viðmælendanna fóru á almenna braut í framhaldsskóla, þar sem þeir náðu ekki öllum samræmdu prófunum. Fóru þeir að jafnaði í tvo eða fleiri skóla með hléum. Þeir héldust þó ekki lengi í skóla í senn, ýmist í eina eða tvær annir, með misgóðum árangri. Óskar skráði sig í nokkra skóla en var ennþá í neyslu og stundaði ekki námið af alvöru. Hann mætti ekki í skólann og sagðist eingöngu hafa skráð sig í skóla til þess að „líta vel út fyrir öðrum“. Áhuginn var ekki til staðar og náði hann í mesta lagi sex einingum á þessum tíma. Eva hafði að sama

skapi engan áhuga á náminu. Hún hafði orð á því að það hafi verið móðir hennar, sem sagði henni að taka sér frí frá námi eftir að hún hafði reynt fyrir sér í tveimur skólum, enda sagðist hún aldrei hafa „fengið neina pressu um að klára neitt“. Nokkru síðar fór hún í framhaldsskóla í eitt ár úti á landi og gekk henni vel í þeim skóla en á seinni önninni eignaðist hún barn fyrir tímann og gat því ekki tekið lokaprófin. Þórunn þurfti einnig að hætta í námi eftir að hún eignaðist barn og varð einstæð móðir. Hún hafði áður farið í skóla og hætt áður en skólaárinu lauk, en þegar hún hafði áhuga á að mennta sig og fór aftur í skóla þurfti hún að hætta vegna bágrar fjárhagsstöðu; „...ég gat ekki verið ein og verið í skóla og verið að leigja og svona ein með barn þú veist ... það var ekkert hægt.“

Ása fékk mun betri stuðning á fyrstu önn sinni í framhaldsskóla heldur en þegar hún var í „hægferðar“ bekknum í grunnskóla. Í skólanum var bekkjarkerfi, þar sem hún var eingöngu með einn umsjónarkennara, sem reyndi eftir bestu getu að fá hana til að mæta í tíma þegar hún sýndi kennslustundinni ekki áhuga; „...hann vildi meira hafa mig heldur en nokkurn tímann grunnskólinn sko.“ Það dugði þó ekki til því hún hætti í skólanum áður en lokaprófin hófust. Engu að síður ákvað hún seinna að fara í annan skóla og hélst í honum í einhvern tíma en náði þó aldrei sama stærðfræðiáfanganum, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Henni fannst hún ekki hafa átt kost á aukinni aðstoð vegna fjölda nemenda í tímum:

...mér fannst hjálpin í stærðfræðinni heldur ekkert rosalega mikil en ég held að það sé líka bara mér finnst bekkirnir þar svo fjölmennir þú veist... þú ert kannski með 40 mínútna tíma og ert með 30 nemendur það er ekkert rosalega mikill tími fyrir hvern nemanda og sérstaklega ekki fyrir fólk sem þarf actually að fá mikla aðstoð.

Á endanum gafst Ása upp og hætti í skólanum án þess að nokkur tæki eftir því, eins og fram kemur í máli hennar: „...þetta voru allt bara svona áfangar sem maður hætti í og þú veist kennararnir voru ekkert að þæla í því.“ Eins fékk Katla lítinn stuðning í framhaldsskóla fyrir utan lengri próftíma. Að hennar sögn „rétt slefaði“ hún á fyrstu önn en þar á eftir fór streitan að segja til sín vegna athyglisbrestsins og lesblindunnar og hún hætti í skólanum:

...í önn tvö og þrjú að þá var þetta einmitt maður var farinn að finna fyrir ... þetta var svo mikið álag maður var orðinn þreyttur maður var ... þetta var erfitt og ég fékk engan stuðning í [skólinn] á þessum tíma þannig að hérna ... ég bara gafst upp.

Fram kemur hjá einkum Heru og Anítu að þeim hafi skort stuðning frá bæði foreldrum og skólakerfinu. Sökum skorts á aðstoð í grunnskóla fann Hera fyrir algjöru áhugaleysi þegar hún hóf nám í framhaldsskóla. Hún náði ekki góðum árangri í náminu og fór því að skröpa í skólann og hætti í kjölfarið; „...ég bara fór á skrifstofuna sjálf ... ekki með foreldrum mínum og ég sagði bara ég er hætt í skólanum og þá bara ... þá var það bara búið.“ Hún efaðist um að skólinn hafi haft samband við foreldra sína en sagðist þó ekki getað fullyrt um það enda hvöttu foreldrar hennar hana ekki til að halda áfram námi, fremur en starfsfólk grunnskólans;

...það gæti vel verið að mamma vissi af þessu og þetta náttúrulega hefur líka rosalega mikið að segja foreldrar mínir voru ekkert rosalega mikið að taka þátt í að hérna ... að aðstoða mig og svona við námið ... þau einhvern veginn leyfðu mér bara að fljóta þetta áfram sjálf.

Þrátt fyrir upplifun Anítu af eineltinu, sem hún varð fyrir í grunnskóla auk ofbeldisins sem hún þurfti að þola heima fyrir, fór hún í framhaldsskóla strax að loknu grunnskólanáminu. Að hennar sögn gekk henni „ótrúlega vel“ í byrjun og náði framförum í náminu. Það leið þó ekki á löngu þar til fór að bera á einelti strax á fyrstu önninni og lýsir Aníta atvikinu á eftirfarandi hátt

...þá voru bara alveg fimm eða sex krakkar sem að hlupu á eftir mér og ég þurfti að loka mig inni í einhverjum skáp og vinur minn þurfti þú veist að fara og ná í skólastjóran og hann braut sig í gegnum allan hópinn og bara leiddi mig út og þú veist ... þá fékk ég smá utanumhald svo bara einhvern veginn hætti það bara.

Á seinni önninni varð Aníta aftur fyrir áreiti og þá í kennslustund, að kennara viðstöddum, sem leyfði því að viðgangast án þess að stöðva þau orðaskipti sem áttu sér stað. Á því augnabliki gafst Aníta upp á skólanum, þar sem hún fékk ekki þann stuðning frá kennaranum sem hún gerði ráð fyrir að fá:

...ég þú veist tók bara tryllinginn sko ég bara brjálaðist ég bara ætlaðu að leyfa henni [samnemandanum] að tala svona við mig og þú veist hann [kennarinn] bara ja ég hef bara ekkert við þessu að segja ... eitthvað svona og þá labbaði ég bara út og ég bara mætti ekkert aftur sko ... þá var þetta bara kveikiþráðurinn það var ekkert gert sko, það var ekkert sagt við mig.

Í kjölfarið fóru andlegir erfiðleikar að gera vart við sig vegna þeirra atvika sem hún þurfti að þola í gegnum tíðina, bæði heima fyrir og í skólanum. Hún var ekki í neinum samskiptum við

foreldra sína og þrátt fyrir að hafa verið með fósturfjölskyldu sér til aðstoðar sagðist hún ekki hafa „kunnað að fara með það“ og upplifði sig því á þessum tíma sem „alveg eina á báti“.

Þegar helstu niðurstöður eru dregnar saman er varðar reynslu af fyrri skólagöngu má segja að viðmælendur upplifðu ekki velgengni í námi í grunnskólanum og þá einkum þegar þeir voru komnir á unglingastigið. Meirihluti viðmælenda áttu erfitt með að læra vegna ýmissa greininga og voru í flestum tilfellum greindir of seint og fengu þeir þar af leiðandi ekki viðeigandi úrræði í náminu. Því upplifðu viðmælendur gjarnan skort á stuðningi innan skólakerfisins. Auk þess virðist sem of margir nemendur í hverjum bekk hafi haft áhrif á velgengni þeirra, þar sem viðmælendur áttu þá síður kost á auka aðstoð við lærdóminn, sem höfðu þörf fyrir hana. Eins höfðu viðmælendur sem voru í hægferðar námsbekk lítinn áhuga og upplifðu að skólinn væri ekki nógu hvetjandi. Hvatning frá fjölskyldu var ekki til staðar á meðal allra viðmælenda, sem hafði í för með sér áhugaleysi þegar nám hófst í framhaldsskóla. Allir viðmælendurnir hættu í framhaldsskóla á sínum tíma vegna áhugaleysis, barneigna, fjárhagsörðugleika, neyslu eða eineltis. Það sem einkum var áberandi var að meirihluti viðmælenda upplifðu að starfsfólk framhaldsskólanna reyndi ekki að koma í veg fyrir að þeir hættu í skólanum.

Viðmælendur létu þó ekki slæma reynslu úr fyrri skólagöngu aftra sér frá því að snúa aftur til náms, enda tóku þeir allir þá ákvörðun að nú væri kominn tími til þess að fara aftur í skóla.

3.2 Að snúa aftur til náms á fullorðinsaldri

Leitað var til þátttakenda varðandi upplifun þeirra að hefja nám að nýju. Ásamt því voru aðstæður þeirra til náms skoðaðar og meginþemun sem komu fram voru: *Ástæður þess að snúa aftur til náms, aðgengi að námi og samþætting fjölskyldulífs, skóla og vinnu.*

3.2.1 Ástæður þess að snúa aftur til náms

Ýmsar ástæður geta legið að baki þeirri ákvörðun að hefja nám að nýju eftir hlé á fullorðinsaldri. Í máli viðmælenda voru ástæðurnar ýmist til þess að öðlast betri fjárhagsstöðu, starfsöryggi eða meiri lífshamingja. Auk þess hafði áhugi allra á menntun aukist, sem hafði verið ábótavant í fyrri skólagöngu. Að sögn Evu var þetta í fyrsta skipti á ævinni, sem hana langaði virkilega til þess að vera í skóla og klára námið. Þar að auki hafði hún orð á því að henni hafi oft á tíðum fundist erfitt að segja frá því að „maður sé þetta gamall“ og „ekki búin með stúdentinn“. Aníta var á sama máli og sagði að hún væri orðin 25

ára gömul, komin með barn og því „bara kominn tími til að gera eitthvað í sínum málum“. Hún sagðist einkum hafa verið að leita að meiri lífsánægju með því að mennta sig, ásamt tækifæri til að starfa við það sem hæfir hennar áhugasviði:

Bara eiginlega svona möguleikar til þess að geta notið lífsins eins og manni langar að gera ... jú að sjálfsögðu þú veist peningarnir og starfsöryggið og allt það en það er kannski aðallega þú veist hamingjan við það að gera eitthvað sem manni langar að gera eða þú veist ... sem maður hefur áhuga á það er það helsta sem ég er að horfa á.

Aníta, Ása og Katla höfðu allar átt í erfiðleikum með að fá vinnu og sagðist Katla hafa verið farin að „rekast á veggjum svona vinnulega séð“. Bæði Ása og Katla sögðust hafa mikla reynslu af vinnumarkaðinum en það dugði ekki til að þær fengju vinnu við það sem þær óska eftir, þar sem oft á tíðum var krafist stúdentsprófs. Ása hafði verið í vel launuðu starfi en hafði enga ánægju af því að fara í vinnuna og missti á endanum starfið vegna áhugaleysis. Í framhaldinu reyndi hún að sækja um önnur störf, en í þeim störfum var menntunar krafist sem hún hafði ekki. Ása lýsir tímabilinu þegar henni var sagt upp störfum á eftirfarandi hátt:

...þegar mér var sagt upp þá bara fannst mér þetta vera svona kjörið tækifæri að fara í skóla og reyna að gera eitthvað úr mér ... þú veist finna mér eitthvað fag sem að eða þú veist eitthvað sem mér finnst skemmtilegt og geta þá unnið og vera hamingjusöm en ekki unnið og líða illa út allt lífið skilurðu...

Ása var einnig eini viðmælandinn sem talaði um að fara aftur í nám til þess að afla sér aukinnar þekkingar og þá einkum á rekstri fyrirtækja, eins og fram kom í máli hennar; „...mig langar bara svona til þess að læra meira þú veist bara allt í kringum að reka fyrirtæki og allt þetta og bara vita meira almennt.“

Meirihluti viðmælenda virðist hafa farið aftur í nám, eins og Aníta og Ása, til að auka möguleika sína á betra og hamingjusamara lífi. Hera bjó við bág kjör þegar hún var yngri og sagðist hafa áttað sig á því þegar hún varð eldri að það væri ekki sjálfgefið að ganga vel í lífinu án þess að fara í nám. Að hennar sögn finnst henni meira öryggi fólgið í því að vera með einhverja menntun og þá sérstaklega „... byrjunarreitur að svona betra lífi af því að þá opnast hellingur af tækifærum.“ Þórunn vildi sömuleiðis mennta sig til að eiga möguleika á betri stöðu í lífinu og að auki til þess að bæta fjárhagsstöðu sína; „...bara upp á strákinn að gera svo maður þú veist hafi peninga milli handanna svo ég þurfi ekki alltaf að búa hjá mömmu og pabba skilurðu.“ Birna var á sama máli og Þórunn og sagðist ekki telja sig vera „réttu fyrirmynd“ fyrir dóttur sína. Hún var að hennar sögn í láglaunastarfi, komin með nóg af sjálfri

sér og áttaði sig á því að hún væri ekki að stefna að neinu í lífinu. Eftir öll ár Óskars í neyslu sagðist hann hafa verið „kominn á svartan stað í lífinu“ og þegar hann varð edrú vildi hann því gera eitthvað við líf sitt. Hann sá þó í fyrstu enga möguleika fyrir sig, þar sem hann var búinn að telja sér trú um að hann væri „heimskur“ og gæti ekki farið aftur í skóla vegna lélegs námsárangurs í fyrri skólagöngu. Aftur á móti hafði hann löngun til þess að fara aftur í nám og þegar hann sá aðra einstaklinga ljúka námi, sem höfðu einnig verið í neyslu og ákvað hann að láta slag standa:

...ég var aðallega búinn að vera að fylgjast með öðrum sko sem voru á svipuðum stað og ég í lífinu og sjá jafnvel að þeir gerðu þetta þú veist og það hefur alltaf ... ef einhver annar getur gert þetta þá hlýt ég að geta þetta sko þannig að það einhvern veginn bara svona setti mig á stað sko ... já ég fékk eiginlega drifkraftinn bara út frá öðrum...

Fleiri viðmælendur töluðu einnig um lélegan námárangur í fyrri skólagöngu sinni. Ása hafði orð á því að með því að fara aftur í nám vildi hún sanna fyrir sjálfri sér að hún gæti, rétt eins og aðrir, náð árangri í námi. Hera hafði svipaðar skoðanir þar sem henni létti við að hafa tekið þá ákvörðun að snúa aftur til náms og þurfa að því loknu ekki að vera „eilífdartossi lengur“.

Eins og fram kemur voru viðmælendur reiðubúnir til frekara náms, en það reyndist þeim þó ekki öllum eins auðvelt að hefja nám að nýju og átti það einkum við um þá sem höfðu áður sótt um inngöngu í framhaldsskóla.

3.2.2 Aðgengi að námi

Eva, Þórunn og Aníta sóttu allar um inngöngu í framhaldsskóla þegar þær tóku þá ákvörðun að hefja nám að nýju, en öllum umsóknum þeirra var hafnað. Eva lagði inn umsókn haustið 2015, Þórunn haustið 2014, að vori og hausti 2015 og Aníta lagði inn umsókn að vori og hausti árið 2014. Eva og Þórunn fengu þau svör að yngri nemendur gangi fyrir en Aníta fékk ekkert svar um ástæður höfnunarinnar. Eftir að hafa fengið aftur höfnun um inngöngu í skóla án skýringa sagðist Aníta hafa upplifað „vonbrigði“ og lýsir tilfinningu sinni á því tímabili á eftirfarandi hátt:

...ég held að þegar ég fékk höfnunina síðast þá fór ég bara að hágráta sko mér fannst þetta hundleiðinlegt, fannst það mjög erfitt að fá alltaf endalusa höfnun og svo líka bara þú veist enga skýringu þú veist ... maður ég var líka búin að vera að sækja um vinnur og var að fá höfnun með engri skýringu og þá þú veist ég var svona alveg við það að fara að gefast upp...

Eva og Þórunn upplifðu einnig uppgjöf og að sögn Evu íhugaði hún að hún ætti bara að halda áfram að vinna, þar sem hún „væri hvort eð er ekkert að fara að komast inn“. Þórunn var á sama máli og var búin að binda allir vonir sínar við að komast aftur í nám, þar sem hún hafði á tilfinningunni að aldurinn kæmi í veg fyrir að hún kæmist aftur í nám. Það vildi svo vel til að þær höfðu allar áhuga á að hefja nám að nýju og komst Eva að í Keili, á undanþágu, þar sem hana vantaði stærðfræðieiningar til að standast inntökuskilyrðin. Hún hafði áður séð auglýsingar um frumgreinanámið en aldrei sótt um það, þar sem hún taldi sig ekki uppfylla skilyrðin sem auglýst voru til að fá inngöngu í námið. Hún segir:

...maður þurfti að hafa svo margar einingar sem ég átti ekki og ég vissi alveg að ég ætti ekkert endilega séns á þessu þá kannski aðallega það ég nennti ekki að standa í einhverju stoppi um eitthvað og svo náttúrulega bara fjárhagur eða þú veist kostnaðurinn við þetta.

Það var ekki fyrr en hún sá að skólinn auglýsti framlengdan umsóknarfrest og skýrt kom fram að þau hefðu aldrei tekið inn eins marga nemendur að hún ákvað að sækja um. Þórunn og Aníta voru aftur á móti ekki meðvitaðar um það nám, sem þeim stóð til boða þegar þær fengu höfnunina frá framhaldsskólunum. Þórunn sagði:

Ég var bara ókey hvað á ég þá að gera, þú veist hvað er þá hugsað þú veist fyrir fólk sem er í minni stöðu sem langar til að fara og klára stúdentinn en þau komast ekki inn í neinn framhaldsskóla ... þú veist ég hafði þá enga hugmynd um Keili þá sko, ég var bara svona ókey hvað á ég þá að gera?

Að hennar sögn fékk hún engar upplýsingar frá framhaldsskólanum um aðrar námsleiðir og fannst henni þar af leiðandi upplýsingaflæðið frá framhaldsskólum til þeirra einstaklinga sem ekki fá inngöngu í framhaldsskólana vera ábótavant: „...maður þarf að afla sér sjálfur upplýsinga ég hefði ábyggilega ekkert farið í nám ef ég hefði ekki vitað af Mími og verið bara eitthvað ókey þá held ég bara áfram að vinna.“ Kunningi Þórunnar benti henni á að sækja um skólavist í Mími en sjálfur hafði hann verið þar í námi. Hún sótti um skólavist þar en fékk þau svör að hún hefði lokið of mörgum áföngum í framhaldsskóla til að eiga rétt á inngöngu í námið og var bent á að sækja um nám í Keili. Hún lagði inn umsókn um nám í Keili en vantaði einingar til að komast inn í skólann og tók þá áfanga sem vantaði upp á í fjarnámi á sumarönn í framhaldsskóla. Hún hafði orð á því hversu mikið hún hefði þurft að hafa fyrir því að komast aftur í nám og þá einkum fjárhagslega, þar sem fjarnámið er kostnaðarsamt og

eins og hún sagði; „...ég borgaði alveg slatta fyrir það til þess að geta síðan farið í Keili og komast þar inn.“

Aníta hafði verið á atvinnuleysisbótum í þrjú ár þegar hún reyndi að komast í framhaldsskóla og kynntist Grunnmenntaskólanum í gegnum Vinnumálastofnun. Hún vissi ekki þá að með því að fara í Grunnmenntaskólann kæmist hún í nám hjá Menntastofnun og ætti þá rétt á inngöngu í undirbúningsdeildir háskólanna:

Þú veist ég hef alveg séð Grunnmenntaskólann, Mímir eða Menntastofnir eða eitthvað þannig en ég vissi ekki að það leiddi mann eitthvert annað, ég hélt að þetta væri bara svona eitthvað námsstofnun þar sem þú gætir bara fengið þekkingu á því hvernig þú átt að læra og eitthvað svona ég hélt bara að þetta væri eitthvað þannig ... ég vissi ekki að þetta væri gild námsstofnun sem að gefur manni þessar einingar sem maður þarf.

Aníta hafði einnig orð á því að ef hún hefði vitað af því sem hún kallaði „spretthlaup“ þá hefði hún að öllum líkindum verið fyrir löngu búin að nýta sér þessa námsleið. Hún var á því máli að það þyrfti að auka fræðslu um það nám sem stæði eldri nemendum til boða og þá einkum að gera þeim grein fyrir hvað þessi styttri leið felur í sér; „...ef þú klárar þetta þá gætirðu gert þetta svo ef þú klárar þetta þá gætirðu gert þetta þú veist mér fannst eins og það þyrfti að segja það við mig, það þarf auðvitað að segja fólki stigann.“

Fjórir viðmælendur til viðbótar voru á sama máli, þar sem þeir vissu ekki um námið hjá Mími fyrr en þeir ýmist sáu auglýsingar á samfélagsmiðlum, heyrðu um skólann frá vinum eða ættingjum og einn viðmælandi fékk kynningu um skólann í starfsendurhæfingarúrræði. Katla hafði ímyndað sér að Mímir væri tungumálaskóli eða iðnskóli og Hera hafði ekki áttað sig á því að námið gæti gagnast henni og þar af leiðandi „leyfði þessu að eiga sig bara.“ Viðmælendur höfðu einnig orð á því að þeir hefðu þurft að upplýsa vini og vandamenn um hvernig skóli Mímir er, þar sem þeir þekktu ekki heldur til skólans. Hera sagðist „furðulega oft þurfa að útskýra“ hvers konar nám er um að ræða og Óskar tók í sömu mynt og sagði að það þyrfti að koma Mími meira á framfæri til að aðrir geti nýtt sér þessa námsleið:

...það eru eflaust mjög margir sem þú veist hafa verið í svipuðum sporum og ég og þú veist hafa kannski ekki klárað neitt eða þú veist vita ekkert hvar þeir eiga að stefna í lífinu þá er þetta algjörlega grunnurinn sko, bara algjörlega mér finnst að það mætti auglýsa þetta meira og kynna þetta þú veist á fleiri stöðum sko.

Meirihluti viðmælenda var einnig sammála því að þar sem aðgengi nemenda, eldri en 25 ára, er nú takmarkaður inn í framhaldsskólana þá þurfi að bjóða upp á nám fyrir þá í fleiri skólum.

Viðmælendurnir höfðu orð á því að ef fleiri skólar á höfuðborgarsvæðinu byðu upp á frumgreinanám þá myndu þeir eflaust nýta sér það frekar. Birna og Ása höfðu jafnvel orð á því að þær myndu helst vilja klára frumgreinanámið í Mími enda væri starfsfólkið innan stofnunarinnar með reynslu af því að aðstoða einstaklinga með stutta formlega menntun, eins og Birna tók til orða á eftirfarandi hátt:

...kennararnir hérna eru vanir að taka á móti fólki sem eru að koma inn í skólakerfið í fyrsta skipti í sko mörg ár ég meina það er fólk hérna sem er á sextugsaldri skilurðu sem að hefur aldrei farið í skóla nema bara klárað í grunnskóla ... og auðvitað náttúrulega þarf þá að vera eitthvað líka fyrir það fólk skilurðu og ég meina fólk er heldur ekkert að nenna að keyra alla leið til Keflavíkur.

Katla sagði einnig að það vantaði kvöldnám í undirbúningsdeildir háskólanna fyrir þá sem væru í vinnu með námi og einkum vegna námserfiðleika, sem hún hefur glímt við: „...það mætti vera meira boðið upp á einmitt kvöldnám þegar kemur að þessu til dæmis eins og með Keili að fara í fjarnám, þú veist það alveg svona hræðir mig.“ Viðmælendur sem stunda nám í Mími fengu allir inngöngu án nokkurra vandræða. Að sögn Heru var aðsóknin í Menntastöðum í haust það mikil að búinn var til annar hópur til að allir kæmust að. Upplifun viðmælenda varðandi aðgengi að Mími var því góð, eins og fram kemur í máli Heru: „...það voru allir velkomnir ... það er alveg þannig að þeir bara, þeir búa bara til pláss.“

Þeir sem sóttu um inngöngu í framhaldsskóla upplifðu ekki greiðan aðgang að námi og svo virðist sem skortur á upplýsingum og sýnileika hafi verið áberandi í máli viðmælenda. Það eru fleiri ástæður sem skipta máli þegar fullorðnir nemendur snúa aftur til náms og má þar nefna heimilislíf og atvinnu á meðan á námi stendur.

3.2.3 Samþætting fjölskyldulífs, skóla og vinnu

Mörgum reynist erfitt að sinna heimilislífi með námi. Fimm af viðmælendunum átta eiga börn og gengur þeim misvel að samþætta fjölskyldulífið og skólann. Þórunn, Eva og Birna eiga allar auðvelt með að sinna börnum sínum, ásamt náminu, og er það að mestu leyti tilkomið vegna stuðnings sem þær fá frá aðstandendum og mökum. Þórunn er einstæð móðir og fær einkum aðstoð frá foreldrum sínum og að auki er hún með strákinn sinn aðra hverja viku, þar sem hún og barnsfaðir hennar eru með sameiginlegt forræði. Hún hafði aftur á móti orð á því að ef hún væri alltaf með strákinn þá myndi hún „...ábyggilega ekki ná að sinna honum jafn vel.“ Eva hefur ekki heldur börnin hjá sér allar stundir. Þrjú börn hennar af

fimm eru hjá mökum úr fyrra sambandi í tvær vikur á mánuði; „...þannig að það er kannski aðeins rólegri inni á milli.“ Þórunn, Eva og Birna voru einnig á sama máli um að til þess að þetta gangi upp þá þurfi þær að skipuleggja tímann sinn vel.

Aníta og Hera eiga hins vegar ekki eins auðvelt með að samtvinna skóla og fjölskyldulíf. Aníta hefur ekki foreldra sína sér til stuðnings enda komin að hennar sögn úr „mölbrotinni fjölskyldu“. Hún á þó kærasta sem aðstoðar hana við að sinna stráknum, en hann vinnur aðra hverja viku og er því erfitt fyrir Anítu að sjá um strákinn þá viku sem hann er í vinnunni. Vegna álagsins sem fylgir náminu, auk sjúkdóms sem hrjáir hana, sagðist hún ekki geta vera eins mikið með honum og hún myndi vilja. Hún sagði:

...hann [strákurinn] er orðinn mjög þreyttur á mér sko, þú veist ég get ekkert gert neitt með honum, á helgum er ég bara alveg þú veist því ég er með vefjagigt og allt það þá er ég alveg búin ... hann hérna fer sem betur fer annað slagið til pabba síns þannig að þar fær hann svona athyglina sem hann þarf.

Svipaða sögu má segja af Heru en henni finnst erfitt að þurfa að reiða sig á fjölskyldumeðlimi til að sækja börnin sín tvö í leikskólann. Auk þess er hún að vinna á næturvöktum og sagðist því ekki geta hugsað um börnin sín eins og hún „þarf og langar“ til að gera. Hún lýsir upplifun sinni af því að vinna með náminu á eftirfarandi hátt:

Algjört og mikið álag á bara þú veist fjölskyldulífið og á alla þú veist þetta er ekkert bara álag á mig ... bara á krakkana líka og þú veist meira að segja þegar ég er, ég vinn sem sagt næturvaktir í viku og svo frí í viku og þegar ég til dæmis er að vinna sem sagt á hérna sunnudagsnótt, kem heim og þá eru krakkarnir farnir á leikskólann svo fer ég í skólann á mánudagskvöldi kem heim og þá eru þau farin að sofa.

Vegna vinnunnar sér Hera því ekki börnin sín frá sunnudegi til þriðjudags og hið sama gildir um tímabilið frá fimmtudegi til laugardags.

Eva, Þórunn og Katla eru jafnframt að vinna með náminu. Eva er með sveigjanlegan vinnutíma um helgar og telur því vinnuna hvorki hafa áhrif á heimilislífið né námið. Hún nefnir samt að ef hún væri með fastar vinnuhelgar þá myndi hún eingöngu vera í skólanum. Þórunn er í 35% vinnu á föstum vöktum. Að hennar sögn gengur henni samt vel að sinna náminu, þar sem hún á „mjög auðvelt með að læra,“ og „hefur mjög lítið fyrir því“. Hún gerði samt ráð fyrir að ef hún hefði ekki stuðning foreldra sinna til að sjá um strákinn sinn þá ætti hún ekki möguleika á að vinna svona mikið með náminu; „...það munar öllu alveg að hafa þennan stuðning.“ Katla tók í sama streng og Þórunn. Vegna álags, bæði í vinnunni og

náminu, nefndi hún hversu mikinn stuðning kærasti hennar hefur veitt henni; „...hann er búinn að standa eins og bara klettur við hliðina á mér allan tímann.“ Hún er í 100% vinnu með dreifnáminu og sagðist því oft vera „uppgefin“ í lok vikunnar. Að sögn Kötlu hefur það tekið á að vera bæði í vinnu og í námi og lýsir hún tilfinningum sem hún upplifir á eftirfarandi hátt:

Bara svona maður lætur þetta ganga þetta var alveg erfitt fyrst ... og eins og ég segi þá koma erfiðir tímar þar sem manni langar bara að leggjast í gólfíð og fara að gráta en ... en hérna maður þarf bara að minna sig á það að þetta er alveg þess virði og hérna en maður á ekkert rosalega mikið félagslíf.

Katla metur mikils stuðninginn sem hún fær bæði frá kærasta sínum og fjölskyldu og sagði líklegt að hún væri búin að gefast upp og hætta í skólanum ef hún hefði ekki þetta stuðningsnet og hvatningu sem því fylgir; „...ég væri örugglega löngu farin ef ég væri ekki með allan þennan stuðning.“

Þegar helstu niðurstöður eru dregnar saman í tengslum við það að snúa aftur til náms á fullorðinsaldri kom fram að megin ástæður þess að viðmælendur hófu nám að nýju sé til þess að öðlast meiri lífshamingju og starfsöryggi. Þeir voru jafnvel í störfum sem þeir voru ekki ánægðir með og áttu orðið erfitt með að fá aðra vinnu vegna krafna um stúdentspróf. Viðmælendur höfðu almennt áhuga á að mennta sig og stefna að einhverju öðru í lífinu. Þeir sem áttu börn vildu vera fyrirmynd barna sinna og ætluðu því að bæta fjárhagsstöðuna fyrir fjölskylduna.

Þeir viðmælendur sem hófu strax nám í Mími eru almennt ánægðir með aðgengi að náminu. Þeim sem var hafnað um inngöngu í framhaldsskóla þurftu aftur á móti að leggja meira á sig til að hefja nám vegna skorts á upplýsingum frá framhaldsskólunum. Það leiddi til aukins kostnaðar og skorts á sýnileika á menntastofnunum sem þeim stóðu til boða. Eins og fram kom hjá viðmælendum er þörf fyrir aukinn sýnileika námsleiða, sem fullorðnir einstaklingar nýta sér. Auk þess er mat þeirra að þörf sé fyrir fleiri sambærilega skóla á höfuðborgarsvæðinu.

Þar sem um er að ræða viðmælendur í ólíkri stöðu er nokkuð misjafnt hvernig þeim gengur að samþætta fjölskyldulífið við nám eða störf. Stuðningur frá fjölskyldu, ásamt hvatningu, virðist þó ráða miklu um það hvernig þeim farnast. Enn fremur skiptir stuðningur

sköpum fyrir þá viðmælendur sem þurfa að vinna með námi, þar sem þeir verða að afla sér tekna til þess að geta framfleytt sér og fjölskyldu sinni.

3.3 Fjármögnun náms

Fjármögnun var nefnd sem helsta hindrunin við að hefja nám að nýju hjá sjö viðmælendum. Óskar var sá eini sem hafði ekki kynnt sér nægilega kostnaðinn sem fylgir því að stunda nám utan hefðbundins framhaldsskóla. Áður en hann hóf nám að nýju var hann í náms- og starfsendurhæfingu fyrir vímuefnasjúka og fær þess vegna endurhæfingarlífeyri. Óskar er á vanskilaskrá og er með fjármálaráðgjafa sér til stuðnings til að ráða fram úr sínum fjárhagsmálum áður en hann fer í áframhaldandi nám í Keili. Þegar rannsakandi spurði um fjármögnunarleiðir hinna viðmælendanna kom í ljós að þeir fóru ólíkar leiðir við fjármögnun námsins. Ása og Katla höfðu safnað sér fyrir náminu í Mími og fengu að auki styrk frá stéttarfélögum til að fá hluta skólagjaldanna endurgreidd. Þegar Ásu var sagt upp störfum athugaði hún fyrst hvort hún gæti verið á atvinnuleysisbótum á meðan hún væri í námi. Hún fékk þau svör að hún þyrfti að vera búin að vera án atvinnu í 12 mánuði áður en hún gæti hafið nám. Hún var ekki tilbúin þess þar sem um of langan tíma var að ræða; „...ég var bara svona 12 mánuði, þú veist ég er ekki týpan sem getur verið í 12 mánuði atvinnulaus, þú veist ég mundi sturlast bara.“ Hún ákvað að nota peninginn sem hún hafði safnað þegar hún var í vinnu til að greiða skólagjöldin og er um þessar mundir að reyna að lifa „eins lágt“ og hún getur. Ása nær þó ekki ávallt endum saman um mánaðarmót og sagðist því „sem betur fer“ eiga góða foreldra sem styðja hana fjárhagslega ef þörf er fyrir það.

Katla var sömuleiðis búin að safna pening í tvo mánuði fyrir skólagjöldunum, en átti samt sem áður ekki kost á að vera í staðnámi vegna bágs fjárhags. Hún sagðist „verða að geta unnið líka“ og er það fyrst núna sem hún sá sér fært að geta hafið nám að nýju sökum kostnaðar; „...það sem náttúrulega hélt mér rosalega lengi aftur var einmitt hvað þetta var kostnaðarsamt þetta er bara fyrst núna þar sem ég er ekki ein að borga í leigu og í matinn.“ Hún hafði einnig orð á hvað það fór „í taugarnar“ á henni hvað það reyndist henni erfitt að hefja nám aftur vegna kostnaðar og að það skyldi ekki vera aðgengilegra að mennta sig. Hera sagðist ekki heldur eiga kost á að vera í staðnámi, þar sem maðurinn hennar er einnig í námi og þarf hún því að vinna til þess að geta framfleytt sér og fjölskyldu sinni:

...núna er ég komin með fjölskyldu, ég þarf að borga af húsi, ég er að sjá um börnin, ég er að borga dagmömmu og leikskólaföt og allt þetta og að streða við að vera í námi þetta er bara... þetta er erfitt, þetta er rosalega mikið álag.

Þrátt fyrir skort á stuðningi við fyrri skólagöngu borgaði móðir Heru fyrir hana skólagjöldin. Aðspurð hvers vegna móðir hennar væri nú að hvetja hana og styðja til náms, sagðist Hera gera ráð fyrir að móðir hennar væri með eftirsjá; „...kannski fattaði hún bara þú veist hvað var ég að þæla eða eitthvað þú veist að hvetja ekki krakkana sína til náms.“

Að sögn Birnu er fjármögnun til náms það „stærsta“ við að snúa aftur til náms. Hún var í vinnu en sagði henni upp og skráði sig á atvinnuleysisbætur til að eiga rétt á námssamningi; „...ég vissi að ég þyrfti að fara á atvinnuleysisbætur til að þú veist geta verið að fá einhvern pening og verið hér.“ Birna var á atvinnuleysisbótum í þrjú mánuði og fékk síðan námssamninga fyrir bæði Grunnmenntaskólann og Menntastoðir. Aníta komst einnig á námssamning með aðstoð Vinnumálastofnunar fyrir Grunnmenntaskólanum enda var hún búin að vera á atvinnuleysisbótum í um það bil þrjú ár. Þegar Aníta var byrjuð í Menntastoðum var hún, að hennar sögn, búin með „Vinnumálastofnunarréttinn“ sinn og sótti því um námsstyrk hjá Félagsmálastofnun. Aníta fékk synjun vegna aldurs og lýsti hún því á eftirfarandi hátt:

...ég fæ þau svör að ég sé orðin of gömul og ég bara, þú veist ég meina ég er ekki búin að fá inngöngu inn í skóla fyrr en núna hvernig getið þið þá sagt að ég sé orðin of gömul, það er ekki búíð að bjóða mér upp á það að fara í skóla einu sinni.

Að sögn Anítu var miðað við 24 ára aldur en hún var að verða 25 ára og átti því ekki rétt á styrknum. Hún sagðist þó hafa „barist“ fyrir að fá styrkinn til þess að klára námið í Mími en var tekjulaus í einn mánuð á meðan að á því stóð. Aníta og kærasti hennar þurftu að taka lán og fá yfirdráttarheimild til að geta framfleytt fjölskyldunni þann mánuð og sagðist Aníta næstum því hafa hætt í náminu á þeim tíma. Hún sagði; „...þegar ég var alveg tekjulaus þá var ég alveg að fara að hætta, en hérna ég hugsaði bara það er núna eða aldrei.“ Aníta lenti aftur í erfiðleikum með að fjármagna námið þegar hún hóf nám í Keili, þar sem hún var á vanskilaskrá og átti þess vegna ekki rétt á námsláni; „...þannig að ég byrjaði önnina alveg eins og í Menntastoðum í að vera kvíðin fyrir því að fá peninga eða ekki.“ Af þeim sökum þurfti hún aftur að hafa samband við Félagsmálastofnun og fékk eftir „þvílíkt mál“ skuldabréf hjá þeim.

Þórunn safnaði fyrir skólagjöldum haustannarinnar í Keili og fékk að auki styrk frá stéttarfélagi, en á vorönninni lenti hún í „basli“ með að borga skólagjöldin og þurfti því að fá frest. Hún var á vanskilaskrá og gat þar af leiðandi ekki fengið nein lán en fékk síðan lán hjá föður sínum til að borga skólagjöldin. Í framhaldinu gekk hún frá sínum fjárhagsmálum og fékk yfirdrátt hjá bankanum og gat borgað föður sínum til baka. Þórunn hafði orð á því hversu mikið fjármagn hún hefur þurft fyrir náminu, þar sem hún þurfti að auki að borga fyrir sumarfjarnámið; „...það er búið að fara mjög mikill peningur í nám seinasta hálfra árið... þetta er alveg hvað já ábyggilega sex sjö hundruð þúsund með bókum og öllu.“ Þar sem Þórunn er að vinna með náminu og býr jafnframt hjá foreldrum sínum sagðist hún ekki þurfa að fá framfærslulán hjá LÍN og er því fegin.

Meirihluti viðmælenda var á sama máli um að vilja ekki taka námslán fyrir áframhaldandi námi og þá einkum þeir sem stefna á að fara í Keili. Þeir sögðust ekki vilja borga af láninu í tugi ára og að auki voru nokkrir með önnur lán, sem þeir þurftu að borga af. Ása vill komast hjá því að taka námslán og ætlar því að „vinna eins og brjálæðingur“ og safna pening til að greiða skólagjöldin. Hún stefnir á að vera í fjarnámi, þar sem hún telur sig ekki geta farið í staðnám vegna fjárhagslegs skorts:

...ég hef mikinn áhuga á að læra bara og það hjálpar mér svo mikið að hlusta á kennarann og hafa hann til taks og allt þetta en bara til þess að ég geti lifað og halda áfram þú veist með lífið þá þyrfti ég eiginlega að vera að vinna með ... og ég geri það ekki í staðnámi sko.

Ása telur það einnig ókost að þurfa að vera í fjarnámi, þar sem námið byrjar ekki fyrr en í janúar og þarf hún því að „hinkra í sex mánuði“ og kemur til með að ljúka náminu seinna en hún hafði áætlað. Katla og Hera sögðust einnig ekki vera vissar hvort þær gætu verið í staðnámi í Keili vegna efnahags og þar með hætta að vinna með náminu. Katla sagði; „...það er svona sem hræðir mig mest að fara í fullt nám það er að, að þú veist geta ekki átt fyrir mat í lok mánaðar.“ Hera sagðist ekki ráða við það fjárhagslega að vera bæði á námslánnum og í staðnámi, þar sem útgjöld heimilisins myndu ekki ráða við það vegna lægri tekna. Hún nefnir það einnig hvað henni finnst „ósanngarnt“ hversu dýrt það er að mennta sig og samt eiga allir að búa við jöfn tækifæri óháð fjárhag; „...það á að vera svo sjálfsgæður hlutur að allir eiga að komast í nám en þeir eiga ekki að þurfa að líða fyrir það fjárhagslega.“ Fleiri viðmælendur tóku í sama streng og Hera. Birna var meðal annars á þeirri skoðun að það sé alltof dýrt að

mennta sig á Íslandi fyrir þann fjölbreytta hóp fullorðinna einstaklinga sem eru að hefja aftur nám:

...oftar en ekki er þetta fólk sem að er búið að ganga í gegnum eitthvað í lífinu og fólk sem er komið með fjölskyldu og eitthvað svona og þegar þú ert kominn með fjölskyldu þá eru miklu minni tækifæri fyrir þig námslega séð af því að þú ert með fjölskyldu og tíminn, peningarnir og allt þetta.

Hún talaði einnig um það þegar hún var einstæð og átti ekki möguleika fjárhagslega séð að fara aftur í nám sökum kostnaðar og bætti við:

Þetta stenst ekki það þarf að finna einhverja leið þarna, það þú það er ekkert hægt að bjóða fólk bara upp á þetta ... þannig að ég held að það þurfi miklu meiri stuðning við þetta fólk, fyrir þennan aldur, við þessar stofnanir.

Þórunn og Aníta voru sammála Birnu um að það þurfi að styðja fullorðna einstaklinga sem eru að hefja nám að nýju og þurfa því að nýta sér aðrar og dýrari námsleiðir. Þórunn sagði:

...eins og til dæmis núna þegar Menntamálaráðuneytið er bara búið að taka þannig að þegar þú ert kominn yfir þennan aldur af hverju á þá að refsa manni fyrir það og borga svona geðveikt mikið, þú veist mér finnst það ömurlegt mér finnst að það ætti að koma kannski til móts við það að fólk þurfi ekki að borga svona rosalega mikið ef það þarf að fara í sérstakan skóla til þess að mennta sig.

Aníta var sömu skoðunar og sagði að Menntamálaráðuneytið ætti að niðurgreiða þessi gjöld eitthvað, þar sem búið væri að takmarka aðgengi eldri nemenda að framhaldsskólum og þeim því beint inn á dýrari námsleiðir, eins og fram kemur í máli hennar; „...þú veist að fólk komist ekki í framhaldsskóla og fá bara neitun fyrir að vera þú veist of gamall einfaldlega og þurfa að fara þessa leið og borga bara miklu, miklu meira.“ Að hennar sögn þyrfti því að styrkja þá skóla sem ætlaðir eru fullorðnum nemendum til að þetta sé ekki eins kostnaðarsamt fyrir þá sem ætla að hefja nám að nýju.

Þegar helstu niðurstöður eru dregnar saman varðandi fjármögnun náms má segja að viðmælendur hafi fjármagnað nám sitt með ólíkum hætti. Þeir ýmist borguðu fyrir það sjálfir og áttu jafnvel rétt á styrkjum hjá stéttarfélagi sínu til þess að fá hluta af skólagjöldunum endurgreidd. Aðrir sáu ekkert annað í stöðunni en að fá námssamninga og viðmælendur voru jafnvel á vanskilaskrá og gátu þar af leiðandi ekki fengið lán hjá bankanum. Því þurftu þeir að grípa til ýmissa ráða til að borga skólagjöldin, sem hafði jafnvel áhrif á útgjöld heimilisins. Í máli viðmælenda kom einnig fram að þeir geti ekki stundað staðnám þegar þeir hefja nám í

Keili sökum bágs fjárhags, því þeir þurfa að vinna samhliða námi til þess að geta framfleytt sér og fjölskyldu sinni. Viðmælendur hefðu þó frekar kosið staðnám til að eiga kost á greiðum aðgangi að aðstoð enda búnir að glíma við námserfiðleika í fyrri skólagöngu.

Almennt vildu viðmælendur ekki taka námslán og ætla eftir fremsta megni að komast hjá því að þurfa að taka slíkt lán. Í máli þeirra kom skýrt fram hversu kostnaðarsamt þeim þykir að snúa aftur til náms sem fullorðinn einstaklingur. Núna þurfa þeir að nýta sér aðrar námsleiðir en framhaldsskóla til þess að geta menntað sig. Þeir höfðu jafnvel orð á því að það þyrfti að styrkja þessar menntastofnanir enn frekar til að hægt sé að koma til móts við einstaklinga sem búa alla jafna við fjárhagslegan skort.

4 Umræður

Markmið rannsóknarinnar var að skoða tækifæri fullorðinna einstaklinga til náms, sem ekki hafa lokið formlegu framhaldsskólanámi. Í ljós kom að þátttakendur hættu í námi á sínum tíma vegna námserfiðleika og félagslegra vandamála. Þeir upplifðu slæma reynslu af skólakerfinu, sem einkenndist af skorti á aðstoð vegna þeirra erfiðleika sem þeir voru að glíma við varðandi námið. Þeir voru almennt ánægðir með aðgengi sitt að námi, en nefndu að þörf væri fyrir aukinn sýnileika ásamt frekari upplýsingum um námsleiðir sem þeim stendur nú til boða. Einnig nefndu þeir að það mætti vera meira námsframboð fyrir fullorðna námsmenn á höfuðborgarsvæðinu. Þeim finnst námið sem þeir þurfa að nýta sér núna vera kostnaðarsamt og þurftu viðmælendur jafnvel að vera á atvinnuleysisbótum til að komast á námssamning. Þeir sem höfðu verið á vinnumarkaðinum gátu fengið styrk frá stéttarfélagi sínu og aðrir fengu lán hjá fjölskyldu sinni eða sóttu um styrk hjá Félagsmálastofnun til að geta borgað skólagjöldin. Almennt vildu viðmælendur ekki taka námslán og þurfa því nokkrir að vinna með námi til að geta framfleytt sér og fjölskyldu sinni.

4.1 Reynsla úr formlega skólakerfinu

Velgengni í grunnskóla getur haft afdrifarík áhrif á það hvort nemendur haldist í námi að honum loknum, rétt eins og niðurstöðurnar sýna. Allir viðmælendur áttu það sameiginlegt að námsframvinda þeirra var ekki góð í grunnskóla og enginn þeirra lauk framhaldsskólanámi á sínum tíma. Ýmsar ástæður lágu þar að baki og bakgrunnur viðmælenda er mismunandi. Þeir höfðu ýmist verið að glíma við erfiðleika tengda námi eða félagsleg vandamál.

Meirihluti viðmælenda áttu við ýmissa sértækra námsörðugleika að stríða, eins og stærðfræðiblindu, lesblindu eða ADHD. Það sem kom einna helst á óvart í frásögnum þeirra var hversu seint á grunnskólagöngunni þeir fengu greiningu og fengu því ekki viðeigandi úrræði í náminu. Almennt voru þeir áhugalausir gagnvart grunnskólanáminu vegna námserfiðleikanna eða þá skorti áhuga á að sinna náminu sem skyldi. Tveir viðmælendur fóru út í neyslu eiturlyfja ungir að árum og einn varð fyrir einelti, ásamt líkamlegu og andlegu ofbeldi heima fyrir. Nokkrar fyrri rannsóknir hafa sýnt að neikvæð upplifun af fyrri skólareynslu sé meginástæðan fyrir að fullorðnir sækji sér síður fræðslu og þá sérstaklega þegar um námserfiðleika var að ræða í fyrri skólagöngu (Auður Jónsdóttir, 2012; Auður Sigurðardóttir, 2010; Hróbjartur Árnason, Halla Valgeirsdóttir og Svava Guðrún Sigurðardóttir, 2010; Raket Steinvör Hallgrímsdóttir, 2008). Auk þess sýndu niðurstöður

rannsóknar Þóru Ásgeirsdóttur (2009) að einelti getur haft áhrif á námsframvindu nemenda, ásamt skorti á viðeigandi úrræðum fyrir þá sem glíma við námserfiðleika, rétt eins og kom fram hjá viðmælendum.

Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að lélegt sjálfstraust og lítil trú á eigin getu getur hamlað fullorðnum einstaklingum til að hefja aftur nám, sem oft á tíðum tengist upplifun slæmrar reynslu námsmanna úr fyrri skólagöngu (Auður Sigurðardóttir, 2010; Björk Erlendsdóttir, 2013; Guðrún Jóna Magnúsdóttir, 2012; Halla Valgeirsdóttir, 2011). Viðmælendur upplifðu sig gjarnan „heimska,“ þar sem þeir náðu ekki tilætluðum árangri í námi og í kjölfarið fundu þeir fyrir algjöru áhugaleysi gagnvart skólanum. Cross (1981) bendir jafnframt á viðhorfsbundna hindrun til náms, sem felur í sér að ef viðhorf einstaklinga til námshæfileika sinna er af skornum skammti, þá skorti oft áhugann eða sjálfstraustið til að sinna náminu. Í niðurstöðum rannsóknar Allen Tough (1979) kom einnig fram að léleg sjálfsmynd vegna námshæfileika kemur í veg fyrir að einstaklingar hafi löngun til að halda áfram námi (Knowles, Holton III og Swanson, 1998). Því má ætla að til dæmis léleg sjálfsmynd, áhugaleysi, námsörðugleikar, einelti og vímuefnaneysla hafi haft afgerandi áhrif á að enginn viðmælenda lauk námi á sínum tíma.

Þegar litið er á stuðning, bæði frá skólanum og fjölskyldu, var upplifun viðmælenda misjöfn. Þeir sem voru í hægferðarbekk í grunnskóla upplifðu vanmáttarkennd og því hafði þessi skipting lítt hvetjandi áhrif til að ná árangri í námi. Auk þess nefndu þeir, sem voru í fjölmennum bekk, að þeir hefðu ekki fengið tækifæri til að fá auka aðstoð, sem þeir höfðu þörf fyrir vegna fjölda nemenda sem kennarinn þurfti að sinna í hverri kennslustund. Viðmælendi sem varð fyrir einelti bæði í grunn- og framhaldsskóla upplifði algjört afskiptaleysi af hálfu starfsfólks skólanna og að auki fékk hann engan stuðning frá fjölskyldu sinni við námið eða eineltið. Rannsóknir hafa sýnt fram á að stuðningur og hvatning á bernskuárunum skiptir sköpum fyrir áframhaldandi nám (Björk Erlendsdóttir, 2013; Guðrún Jóna Magnúsdóttir, 2012; Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir o.fl., 2014; Svava Guðrún Sigurðardóttir, 2011). Auk þess sýndu niðurstöður rannsóknar Sigrúnar Aðalbjarnardóttur og Kristjönu Stellu Blöndal (2005) fram á að ef stuðningur frá foreldrum er til staðar á unglingsárunum er líkleggra að ungmennin ljúki framhaldsskólanámi fyrir 22 ára aldur. Eins og fram hefur komið lauk enginn viðmælenda framhaldsskólanámi, enda upplifði meirihluti viðmælenda skort á stuðningi frá skólakerfinu og tveir þeirra fengu hvorki stuðning né

hvatningu frá fjölskyldu sinni. Niðurstöður rannsóknarinnar samræmast niðurstöðum fyrri rannsókna um mikilvægi stuðnings fyrir ungmenni.

Að ofangreindu má ætla að stefnu- og áhugaleysi hafi einkennt skólagöngu viðmælenda. Námsferðleikar og félagsleg vandamál áttu stóran þátt í lélegum námsárangri í skóla á yngri árum og má ætla að skortur á stuðningi innan skólakerfisins og fjölskyldu hafi haft afgerandi áhrif á námsframvindu og vilja þeirra til áframhaldandi náms. Það skal þó hafa í huga að þetta eru þeirra orð og ef til vill fékk þessi hópur aðstoð innan skólans. Aftur á móti verður að hafa hugfast að viðmælendurnir voru einungis börn og ungmenni á þessum tíma og þrátt fyrir slæma reynslu úr fyrri skólagöngu, tóku þeir allir þá ákvörðun að snúa aftur til náms.

4.2 Í nám að nýju

Það getur reynst fullorðnum einstaklingum erfitt að snúa aftur til náms eftir hlé og þá sérstaklega þegar þeir hafa upplifað slæma reynslu úr fyrri skólagöngu (Auður Jónsdóttir, 2012; Auður Sigurðardóttir, 2010; Hróbjartur Árnason, Halla Valgeirsdóttir og Svava Guðrún Sigurðardóttir, 2010; Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir, 2008). Það sem einkenndi alla jafna reynslu viðmælenda af fyrri skólagöngu var lélegt námsgengi, sem hafði í för með sér lágt sjálfstraust og áhugaleysi gagnvart náminu, eins og fram hefur komið. Einn viðmælendi var búinn að telja sér trú um að hann gæti ekki staðið sig vel í námi vegna slæms námsárangurs frá fyrra námi þegar hann hóf nám að nýju. Nú hefur viðhorf hans hins vegar breyst og hefur trú hans á eigin hæfni aukist. Það sama má segja um hina, þar sem þeim farnast nú vel í námi og stefna allir á frekari menntun. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður rannsókna Guðrúnar Jónu Magnúsdóttur (2012), Höllu Valgeirsdóttur (2011) og Rakelar Steinvarar Hallgrímsdóttur (2008). Þær sýndu fram á að við upphaf fræðslu upplifa fullorðnir einstaklingar oft á tíðum vantraust á eigin getu, en eftir því sem tíminn líður fer sjálfstraust þeirra að aukast og vilji til áframhaldandi náms eykst.

Helsta ástæðan fyrir því að þátttakendur tóku þá ákvörðun að snúa aftur til náms var fyrst og fremst til að öðlast meiri lífshamingju og starfsöryggi. Knowles, Holton III og Swanson (2005) nefna að áhrifamesti hvatinn hjá fullorðnum einstaklingum sé innri árangur, sem síðan getur haft áhrif á lífsgæði þeirra, sjálfstraust og starfsánægju. Tough (1979) er á sama máli og segir að fullorðnir einstaklingar sækja í nám til að öðlast tiltekna lífsfyllingu og aukið sjálfstraust. Sömu þættir eiga við um viðmælendur rannsóknarinnar, þar sem þeir eru einkum að leita eftir betra lífi. Þeir vilja stefna að einhverju í lífinu og starfa við það sem

hæfir þeirra áhugasviði. Þeir nefndu jafnframt að námið gæti bætt fjárhagsstöðu þeirra en það var ekki jafn mikilvægt og að öðlast betri lífsgæði. Knowles, Holton III og Swanson (2005) bentu á sömu ástæður, þar sem ytri hvatning hefur mikil áhrif á fullorðna einstaklinga, til dæmis stöðuhækkun og launahækkun en áhrifaríkasta hvatningin kemur innan frá.

Einungis einn viðmælandi talaði um að hafa farið aftur í nám til að afla sér aukinnar þekkingar, sem er í samræmi við fyrri íslenskar rannsóknir (Jóhanna Rósa Arnardóttir og Jón Torfi Jónasson, 2004; Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 1999, 2001a; Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir o.fl., 2014). Þær konur sem eiga börn sögðust vilja vera fyrirmyndir barna sinna og voru auk þess að sækjast eftir betri fjárhagsstöðu til að bæta fjárhaglegan hag fjölskyldunnar. Í rannsókn Svövu Guðrúnar Sigurðardóttur (2011) leiddu niðurstöður í ljós að í kjölfar barneigna fóru konurnar að finna fyrir aukinni löngun til frekari menntunar þegar þær fóru að takast á við móðurhlutverkið og réði þar mestu starfsöryggi og bætt framfærsla fjölskyldunnar. Auk þess vildu konurnar vera fyrirmynd fyrir börnin sín með því að stunda nám, rétt eins og fram kom hjá konum þessarar rannsóknar. Það sem þótti jafnframt einkum áberandi var það að allir voru orðnir áhugasamir um að mennta sig. Ef litið er á þrískipta formgerðarflokkun Houle á áhugahvöt fullorðinna einstaklinga til náms má ætla að viðmælendur falli undir markmiðsmiðaða námsmenn. Hjá þeim varð til áhugi eða þörf og markmiðsmiðaðir námsmenn nýta sér menntun til að ná fyrirfram ákveðnum markmiðum (Cross, 1981; Knowles, Holton III og Swanson, 2005).

Þegar litið er til upplifunar viðmælenda við að hefja nám að nýju var reynsla þeirra sem fengu höfnun um skólavist í framhaldsskóla erfiðari en hinna. Þeir upplifðu skort á upplýsingum frá framhaldsskólunum, þar sem þeim var ekki bent á aðrar námsleiðir sem þeir gætu nýtt sér. Auk þess nefndu þeir að upplýsingaflæðið frá framhaldsskólunum þyrfti að vera betra til þess að auðvelda þeim við að hefja nám að nýju. Almennt voru viðmælendur sammála því að menntastofnanir sem standa nú eldri nemendum til boða þurfi að vera sýnilegri og kom þarf þeim betur á framfæri til að fullorðnir einstaklingar geti nýtt sér þessar námsleiðir. Þessar niðurstöður eru í takt við einn af þáttum Hórbjartar Árnasyni, Höllu Valgeirsdóttur og Svövu Guðrúnar Sigurðardóttur (2010) þar sem þau nefna að fullorðnir taka síður þátt í fræðslu ef skortur er á upplýsingum um námsframboð. Þessar niðurstöður eru einnig í samræmi við hindranir, sem Cross (1981) fjallar um, þar sem hún bendir á upplýsingaskort sem stofnanabundna hindrun fyrir fullorðna einstaklinga sem hyggjast

stunda nám á ný. Þá sérstaklega með tilliti til þess ef stofnanir eiga að bera ábyrgð á að koma upplýsingum til skila. Auk þess getur upplýsingaskortur verið viðhorfsbundin hindrun þegar fullorðnir einstaklingar hafa ekki staðið sig vel í námi og eru þeir einstaklingar ólíklegri en aðrir til að reyna að nálgast upplýsingar um nám sjálfir sem þeir gætu stundað.

Nauðsynlegt er að auglýsa þessar stofnanir með þeim hætti að það komi skýrt og á skiljanlegan hátt fram að þeir sem hefja nám í Menntastoðum eiga í framhaldinu rétt á inngöngu í frumgreinanám og síðan í háskólanám. Eins og fram hefur komið voru viðmælendur ekki meðvitaður um tilgang námsins í Mími og að Menntastoðir veiti rétt á inngöngu í frumgreinanám hjá Keili, Háskólanum í Reykjavík og Háskólanum á Bifröst. Það eru litlar líkur á því að einstaklingar sem hafa verið frá námi í langan tími viti hvar þeir eiga að leita upplýsinga varðandi áframhaldandi nám. Því er einnig mikilvægt að framhaldsskólarnir veiti þeim sem fá höfnun um skólavist upplýsingar varðandi það nám sem þeir geta nýtt sér í staðin.

Þátttakendur nefndu jafnframt að þörf sé fyrir fleiri skóla, sem bjóða upp á frumgreinanám og þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Þeir höfðu orð á því að þeir myndu þá líklega nýta sér þá skóla frekar og hjá nokkrum viðmælendum kom fram að þeir myndu jafnvel vilja halda áfram í frumgreinanámi hjá Mími. Viðmælendur sem þurfa að vinna með námi sökum bágs fjárhags nefndu einnig að þörf væri fyrir fjölbreyttara námsframboð á fjarnámi og jafnvel kvöldnámi. Þetta er í samræmi við stofnanabundnar hindranir, þar sem óhentug námskeiðsframboð eða námsbrautir getur aftrað fullorðnum einstaklingum, sem eru í starfi, þátttöku í námi eða fræðslu (Cross, 1981).

Þar sem viðmælendur þessarar rannsóknar áttu margir hverjir við námserfiðleika að stríða er nauðsynlegt fyrir þá að eiga kost á greiðum aðgangi að aðstoð. Því er þörf á kvöldnámi í undirbúningsdeildum háskólanna fyrir þá sem þurfa að vinna með námi og geta því ekki verið í staðnámi. Þegar litið er til viðmælenda þessarar rannsóknar býr meirihluti þeirra við fjárhagslegan skort. Einn viðmælandi þurfti til að mynda að taka áfanga í sumarfjarnámi til að komast inn í Keili, þar sem hann var búinn með of margar einingar á framhaldsskólastigi til að eiga rétt á inngöngu í nám í Mími. Það hafði í för með sér aukinn námskostnað og viðkomandi þurfti að nota töluverða fjármuni til að hefja nám að nýju. Cross (1981) kom inn á þessa þriðju aðstæðubundnu hindrun, sem er tilkomin vegna lífskjara sem einstaklingar búa við hverju sinni. Tekjulágir einstaklingar þurfa oft á tíðum að búa við fjárhagslegan skort,

sem um leið verður hindrun til að hefja nám að nýju ef viðkomandi þarf að nýta mikið af eigin fjármunum til að stunda nám. Fyrri rannsóknir hafa einnig leitt í ljós að skortur á fjármunum getur verið afgerandi þáttur varðandi ákvörðun um áframhaldandi nám (Björk Erlendsdóttir, 2013; Guðrún Jóna Magnúsdóttir, 2012; Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir o.fl., 2014; Svava Guðrún Sigurðardóttir, 2011).

Af ofansögðu er ljóst að mikill áhugi er á meðal þátttakenda að mennta sig og samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar vegnar þeim vel í núverandi námi og stefna allir á áframhaldandi nám. Aftur á móti tókst þeim ekki eins vel við að snúa aftur til náms vegna skorts á upplýsingagjöf frá framhaldsskólum og þeim menntastofnunum sem þeim standa nú til boða. Viðmælendur geta ekki verið í staðnámi vegna fjárhagsskorts og þurfa því að vinna með náminu. Hér á eftir verður farið yfir það hvernig þátttakendur standa að fjármögnun námsins.

4.3 Fjármögnun náms

Hindrunin sem hafði mestu áhrif á viðmælendur þegar þeir hófu nám að nýju var fjármögnun námsins. Sumir þurftu að grípa til ýmissa úrræða til þess að geta staðið að fjármögnuninni á meðan aðrir gátu sjálfir borgað fyrir námið. Þeir sem voru búnir að safna sér fyrir skólagjöldunum hjá Mími og Keili fengu að auki námsstyrk fyrir skólagjöldunum frá stéttarfélögum. Til að fá slíkan styrk þarf viðkomandi að hafa verið í starfi í sex mánuði og er upphæð styrksins háð starfshlutfalli og starfslengd (Landsmennt, 2015; Ríkismennt, 2015; Sjómennt, 2009; Starfsafl, e.d.; Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks, 2014; Sveitamennt, 2016). Viðmælendurnir höfðu verið í starfi áður en þeir fóru aftur í nám, en þess má geta að styrkurinn nemur alla jafna að hámarki 75% af námsgjaldi (Ríkismennt, 2015; Starfsafl, e.d.; Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks, 2014; Sveitamennt, 2016). Í skýrslu Sigríðar Kristínar Hrafnkelsdóttur o.fl. (2014) kemur fram að mikilvægt sé að hafa aðgang að styrkjum frá stéttarfélögum til að hægt sé að stunda nám með vinnu. Aðgengi að slíkum styrkjum hefur hvetjandi áhrif á fullorðna einstaklinga sem þurfa að framfleyta sér og fjölskyldu sinni.

Það sem þótti sérstaklega athyglisvert var að nokkrir sáu engra annarra kosta vöð en að skrá sig á atvinnuleysisbætur hjá Vinnumálastofnun til að fá námssamning og fá þar af leiðandi tekjur á meðan á námi stendur. Reglur Vinnumálastofnunnar eru þær að til að eiga rétt á námssamningi 1 fyrir Menntastoðum þarf viðkomandi að hafa verið í atvinnuleit í 12

mánuði (Vinnumálastofnun, e.d.-a). Einn viðmælandi var ekki tilbúinn til að vera hvorki í vinnu né námi svo lengi og þurfti að taka fé af sparnaðarreikningi sínum til að borga skólagjöldin fyrir náminu. Þeir sem hyggjast leggja stund á nám í Grunnmenntaskólanum þurfa hins vegar að hafa verið í atvinnuleit í að minnsta kosti þrjá mánuði (Vinnumálastofnun, e.d.-b). Einn viðmælandi fékk námssamning fyrir bæði Grunnmenntaskólann og Menntastoðum. Annar þátttakandi reyndi að fá bæði námssamning 1 og 2 en fékk eingöngu samning fyrir Grunnmenntaskólann. Hann þurfti því að leita annarra ráða til að geta haldið áfram námi og fékk námsstyrk frá Félagsmálastofnun. Það hafði áhrif á útgjöld heimilisins, þar sem viðkomandi þurfti að hafa mikið fyrir að að fá styrkinn og var í kjölfarið nánast hættur í náminu.

Þegar litið er til fjármögnun náms í Keili þá geta þeir sem stunda þar nám fengið námslán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna (Lánasjóður íslenskra námsmanna, e.d.-a, e.d.-b). Enginn viðmælenda vildu taka slíkt lán og vilja eftir fremsta megni komast hjá því. Þeir sögðust meðal annars hafa nóg af öðrum skuldum til þess að greiða af og að auki vilja þeir ekki þurfa að borga af láninu í tugi ára. Þrír viðmælenda voru á vanskilaskrá og áttu ekki rétt á námslánum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna af þeim sökum. Einn þurfti að fá lán hjá foreldri til þess að borga skólagjöldin og annar þurfti að fá skuldabréf hjá Félagsmálastofnun. Í skýrslu Sigríðar Kristínar Hrafnkelsdóttur o.fl. (2014) kom fram að námslán væri hindrun, þar sem enginn áhugi er fyrir því að skuldsetja sig. Það sama sögðu viðmælendur þessarar rannsóknar. Nokkrir þátttakendur sjá ekkert annað í stöðunni en að vera í fjarnámi til að geta unnið með náminu, þar sem þeir hafa ekki fjárhagsleg tök á að vera í staðnámi. Þeir hefðu þó frekar kosið staðnám til þess að geta nýtt sér auka aðstoð við námið, enda margir búnir að kljást við námserfiðleika í fyrri skólagöngu.

Nemendur sem stunda nám í frumgreinadeildum og þurfa að taka námslán fyrir náminu geta hugsanlega lent í vandræðum þegar þeir hefja nám í háskóla. Samkvæmt úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna, í kafla 2.3 um námslengd, nýtir námsmaður af einingakvóta sínum til grunnnáms í frumgreinanáminu (Lánasjóður íslenskra námsmanna, e.d.-a). Þegar nemandi fer síðan í háskólanám á hann að öllum líkindum ekki rétt á námsláni fyrir öllu háskólagrunnnáminu. Það getur komið sér illa fyrir námsmann einkum ef hann er með fjölskyldu, sem hann þarf að framfleyta. Því miður er það svo, að það

reynist mörgum ansi erfitt að vera í fullu námi og þurfa að taka námslán og gætu þar af leiðandi lent í fjárhagslegum erfiðleikum ef úthlutunarrétturinn klárast.

Í máli þátttakenda kom skýrt fram að þeim þykir of kostnaðarsamt að snúa aftur til náms og því þurfa nokkrir þeirra að vinna með námi til að geta framfleytt sér og fjölskyldu sinni. Líkt og fram kemur í skýrslu verkefnahóps um fullorðins- og framhaldsfræðslu þarf að auka fjármagn til framhaldsfræðslunnar til muna til að hægt sé að koma til móts við þarfir þeirra einstaklinga sem búa alla jafna við fjárhagslegan skort (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015). Ef markmiðið á að nást sem stefnt er að fyrir 2020 um að hækka menntunarstig einstaklinga á aldrinum 25-64 ára, þá þarf þessi aldurshópur að eiga auðvelt með að snúa aftur til náms. Miðað við niðurstöður þessarar rannsóknar reyndist námið mörgum mjög kostnaðarsamt og því gefur það auga leið að ekki hafa allir tök á því fjárhagslega að snúa aftur til náms. Það er því ljóst að til að ná þessu markmiði þarf að auka fjármagn til framhaldsfræðslunnar til að hægt sé að lækka námskostnaðinn.

Líkt og niðurstöður rannsóknarinnar sýna er hér um að ræða brothættan hóp sem hefur mætt hindrunum á leið sinni aftur í nám. Helsta hindrunin reyndist vera fjármögnun námsins vegna framhaldsfræðslunnar og undirbúningsdeilda háskólanna. Þeim þótti kostnaðurinn allt of hár. Það er því aðdúnarvert hversu mikla þrautseigju þeir hafa sýnt, þar sem niðurstöðurnar sýna fram á að það hefur ekki reynst þeim auðvelt að snúa aftur til náms.

5 Lokaorð

Þegar meginniðurstöður þessarar rannsóknar eru dregnar saman upplifðu þátttakendur ekki velgengni í fyrra námi vegna námserfiðleika eða félagslegra vandamála. Auk þess upplifðu þeir skort á stuðningi innan skólakerfisins og frá fjölskyldu sinni, sem hafði í för með sér áhugaleysi þegar nám hófst í framhaldsskóla. Þegar þeir hófu nám að nýju nefndu þeir að þörf væri fyrir aukinn sýnileika þessara námsleiða sem þeim stendur núna til boða. Eins töldu þeir að auka þurfi upplýsingar á námsframboði og þá sérstaklega frá framhaldsskólunum ef þeir fá þaðan höfnun á umsókn. Helsta hindrun þátttakenda var fjármögnun náms og þurftu þeir jafnvel að skrá sig á atvinnuleysisbætur til að fá námssamning. Aðrir borguðu skólagjöldin sjálf og áttu jafnvel rétt á styrkjum til náms. Í máli þeirra kom skýrt fram hversu kostnaðarsamt þeim þykir að snúa aftur til náms sem fullorðinn einstaklingur og vilja þeir eftir fremsta megni komast hjá því að taka námslán.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru að mestu leyti sambærilegar niðurstöðum fyrri rannsókna og þá sérstaklega varðandi reynslu vegna fyrri skólagöngu. Hinsvegar hafa fáar rannsóknir verið gerðar hér á landi sem snúa að aðstæðum fullorðinna einstaklinga til náms, þar sem leitast er eftir að fá innsýn inn í stöðu þeirra sem nú þurfa að nýta sér nám í hinu óformlega skólakerfi, þá einkum með tilliti til fjármögnunar náms. Auk þess er lítið til af erlendum rannsóknum og fræðilegum greinum sem hægt er að nýta til að bera saman við íslenskan veruleika hvað þetta viðfangsefni varðar.

Takmarkanir þessarar rannsóknar eru þær að tekin voru viðtöl við átta einstaklinga og endurspegla niðurstöður hennar upplifun og reynslu þessara einstaklinga. Veruleiki annarra í sambærilegri stöðu gæti aftur á móti leitt til annarra niðurstaðna fyrir einstaklinga sem núna stunda nám utan hefðbundins framhaldsskóla. Í framhaldi af þessari rannsókn væri því hægt að framkvæma sambærilega rannsókn með fleiri viðmælendum og einnig megindelega rannsókn og ekki eingöngu á suðvesturhorni landsins, heldur einnig á landsbyggðinni. Mikilvægt er að kanna möguleika þeirra til menntunar sem ekki búa á höfuðborgarsvæðinu og þá sérstaklega í ljósi þess að aðfaranám háskólanna er eingöngu staðsett á suðurlandi.

Eins og niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna er hér um að ræða einstaklinga sem hafa hætt í námi á sínum tíma og hafa margir búið við slæm lífsskilyrði í samfélaginu, bæði fjárhagslega og félagslega. Niðurstöðurnar geta til dæmis nýst þeim sem standa að skipulagi menntakerfis hérlendis og þar með hafa hagnýtt gildi. Mikilvægt er að þeir sem annast

framkvæmd skólastarfs séu meðvitaðir um þá þætti sem hafa áhrif á möguleika einstaklinga til menntunar, þar sem brýnt er að öllum séu tryggð jöfn tækifæri til náms, óháð fjárhag og aldri.

Heimildaskrá

- Aðgerðirnar skerði jafnrétti til náms. (2014, 20. október). *Rúv*. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/adgerdirnar-skerdi-jafnretti-til-nams>
- Auður Jónsdóttir. (2012). „Allt menntað fólk vill hafa sinn titil“. *Reynsla starfsmanna í leikskólum af leikskólaliðanámi*. (Óbirt meistaraprófsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Auður Sigurðardóttir. (2010). *Að stíga skrefið. Í nám á nýjan leik að loknu raunfærnimati*. (Óbirt Meistaraprófsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Bjarki Ármannsson. (2015, 12. júní). Áfall fyrir eldri konur í framhaldsnámi: „Það er ekki verið að opna dyr fyrir okkur“. *Vísir*. Sótt af <http://www.visir.is/afall-fyrir-eldri-konur-i-framhaldssnami---thad-er-ekki-verid-ad-opna-neinar-dyr-fyrir-okkur-/article/2015150619697>
- Björk Erlendsdóttir. (2013). „Ég fór inn um einar dyr og allt í einu stóðu 100 dyr opnar.“ *Reynsla nemenda af Háskólabrú*. (Óbirt meistaraprófsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Brinkmann, S. og Kvale, S. (2015). *Interviews: Learning the craft of qualitative research interviewing* (3. útgáfa). Thousand Oaks, CA: SAGE Publications, Inc.
- Charmaz, K. (2014). *Constructing grounded theory* (2. útgáfa). London: SAGE Publications, Inc.
- Creswell, J. W. (2013). *Qualitative inquiry and research design. Choosing among five approaches* (3. útgáfa). Thousands Oaks, CA: SAGE Publications, Inc.
- Cross, K. P. (1981). *Adults as Learners: Increasing participation and facilitating learning*. San Francisco, CA: Jossey-Bass.
- Eydís Katla Guðmundsdóttir. (2012). *Þróun náms- og starfsferils þátttakenda í Grunnmenntaskólanum*. (Óbirt meistaraprófsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Forsætisráðuneytið. (e.d.). *Samfélagsmarkmið*. Sótt af <https://www.forsaetisraduneyti.is/2020/samfelagsmarkmid/>
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (e.d.-a). *Um Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf.* (FA). Sótt af <http://frae.is/um-okkur/>
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (e.d.-b). *Fræðslusjóður*. Sótt af <http://www.frae.is/fraedslusjodur/>
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (e.d.-c). *Fræðsluaðilar með EQM vottun*. Sótt af <http://frae.is/gaedavottun/fraedsluadilar-med-eqm-vottun/>

- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (e.d.-d). *Grunnmenntaskólinn*. Sótt af <http://www.frae.is/media/64605/Grunnmennta.pdf>
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (2009). *Grunnmenntaskóli. Námskrá*. Sótt af http://www.frae.is/files/GrunnmenntaskoliBlatt_1185853824.pdf
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (2011). *Menntastoðir. Námskrá í tilraunakennslu*. Sótt af http://www.frae.is/files/Menntasto%C3%B0ir_122746757.pdf
- Fræðslunetið - Símenntun á Suðurlandi. (e.d.). *Menntastoðir*. Sótt af <http://fraedslunet.is/index.php/namskeidh/allirflokkarnamskeida/event/334-menntastodhir-660-stundir-440-klukkustundir>
- Gestur Guðmundsson og Hulda Karen Ólafsdóttir. (2013). Brotthvarf og endurkoma fullorðinna í nám á framhaldsskólastigi. *Tímarit um menntarannsóknir*, 10(1), 44–64.
- Guðrún Jóna Magnúsdóttir. (2012). „Þetta var fyrsta og stærsta skrefið.“ *Þróun náms- og starfsferils fullorðinna sem hefja nám að nýju*. (Óbirt meistaraprófsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Halla Valgeirsdóttir. (2011). „Það verður einhver galdur“: Þátttaka í fullorðinsfræðslu. (Óbirt meistaraprófsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Háskólabrú. (e.d.-a). *Menntastoðir*. Sótt af <http://www.keilir.net/haskolabru/nam/namsframboð/menntastodir>
- Háskólabrú. (e.d.-b). *Umsókn um nám í Háskólabrú*. Sótt af <http://www.keilir.net/haskolabru/nam/umsokn-um-nam>
- Háskólabrú. (e.d.-c). *Um Háskólabrú Keilis*. Sótt af <http://www.keilir.net/haskolabru/nam/um-haskolabru>
- Háskólabrú. (e.d.-d). *Námsframboð*. Sótt af <http://www.keilir.net/haskolabru/nam/namsframboð>
- Háskólabrú. (e.d.-e). *Námsgjöld á Háskólabrú*. Sótt af <http://www.keilir.net/haskolabru/nam/um-haskolabru/namsgjold-haskolabru>
- Háskólinn á Bifröst. (e.d.-a). *Háskólagátt*. Sótt af <http://www.bifrost.is/namid/haskolagatt>
- Háskólinn á Bifröst. (e.d.-b). *Aðgangsviðmið*. Sótt af <http://www.bifrost.is/namid/haskolagatt/adgangsviðmið/>
- Háskólinn á Bifröst. (e.d.-c). *Að loknu námi*. Sótt af <http://www.bifrost.is/namid/haskolagatt/ad-loknu-nami/>

- Háskólinn á Bifröst. (2015a). *Ársskýrsla 2014*. Sótt af <https://www.bifrost.is/files/um-haskolann/stj/new-node/arsskyrsla-2014---haskolinn-a-bifrost.pdf>
- Háskólinn á Bifröst (2015b). *Námskrá Háskólagáttar. Aðfaranám Háskólans á Bifröst*. Sótt af <http://www.bifrost.is/files/thjonusta/nemendaskra/haskolagatt.pdf>
- Háskólinn í Reykjavík. (e.d.-a). *Frumgreinanám. Undirbúningur fyrir þá sem stefna í háskólanám*. Sótt af <http://www.ru.is/frumgreinanam/stadarnam/>
- Háskólinn í Reykjavík. (e.d.-b). *Framvindureglur*. Sótt af <http://www.ru.is/frumgreinanam/framvindureglur/>
- Háskólinn í Reykjavík. (e.d.-c). *Skólagjöld skólaárið 2015-2016*. Sótt af http://www.ru.is/media/almennt/Skolagjold_2015-2016_frumgreinar.pdf
- Háskólinn í Reykjavík. (2014). *Ársskýrsla 2013*. Sótt af http://www.ru.is/media/hr/skjol/Arsskyrsla_2013.pdf
- Helga Jónsdóttir. (2013). Viðtöl í eiginlegum og meginlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 137–153). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Hennink, M., Hutter, I. og Bailey, A. (2011). *Qualitative research methods*. London: Sage Publications Ltd.
- Hróbjartur Árnason, Halla Valgeirsdóttir og Svava Guðrún Sigurðardóttir. (2010). Hvers vegna koma þau ekki? Þátttaka fólks með stutta formlega skólagöngu. *Gátt – Ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*, 6–19.
- Hrönn Baldursdóttir. (2014, 12. nóvember). Framhaldsskólinn fyrir alla?. *Vísir*. Sótt af <http://www.visir.is/framhaldsskolinn-fyrir-alla-/article/2014711129997>
- Jarvis, P. (1995). *Adult and continuing education: Theory and practice* (2. útgáfa). London: Biddles Ltd.
- Johnstone, J. W. C. og Rivera, R. J. (1965). *Volunteers for Learning: A study of the educational pursuits of American adults*. Chicago: Aldine Publishing Company.
- Jóhanna Rósa Arnardóttir og Jón Torfi Jónasson. (2004). Gildi menntunar í lífi fullorðins fólks. *Tímarit um menntarannsóknir*, 1, 129–143.
- Jóhanna Margrét Einarsdóttir. (2014, 17. október). Fólk geti ráðið hvenær það vill fara í framhaldsskóla. *Vísir*. Sótt af <http://www.visir.is/folk-geti-radid-hvenaer-thad-villfara-i-framhaldsskola/article/2014710179933>
- Jón Torfi Jónasson. (2013). Fortíð og framtíð í fullorðinsfræðslu. *Gátt - Ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*, 10, 7–14.

- Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (1999). *Símenntun á Íslandi. Yfirlit yfir nám fólks á aldrinum 18-75 ára og athugun byggð á námskeiðasókn vorið 1998*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2001a). *Símenntun í ljósi fyrri skólagöngu. Með sérstakri umfjöllun um þá sem ekki sækja námskeið. Skýrsla II*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2001b). *Símenntun í atvinnulífinu. Athugun á þátttöku fólks á aldrinum 18-75 ára í starfsnámi utan skólakerfisins og afstaða stjórnenda og starfsfólks til slíks náms. Skýrsla III*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2002). *Ungt fólk og framhaldsskólinn: Rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangsins til náms*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir. (2009). *Þátttaka í fræðslu á Íslandi: Niðurstöður úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar 2003*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Úrtök og úrtaksaðferðir í eiginlegum rannsóknnum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 129–136). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Keilir. (2015). *Ársskýrsla Keilis 2014*. Sótt af <http://www.keilir.net/static/files/Keilir/PDF/arsskyrsla-2014.pdf>
- Kennarasamband Íslands. (2014, 18. september). Ályktun Kennarasambands Íslands. *Vísir*. Sótt af <http://www.visir.is/assets/pdf/XZ1619918.PDF>
- Knowles, M. S, Holton III, E. F. og Swanson, R. A. (2005). *The Adult learner: The definitive classic in adult education and human resource development* (6. útgáfa). Burlington, MA: Elsevier Inc.
- Landsmennt. (2015). *Starfsreglur Landsmenntar um einstaklingsstyrki*. Sótt af http://landsmennt.is/default.asp?sid_id=3059&tre_rod=002|003|&tId=1
- Lánasjóður íslenskra námsmanna. (e.d.-a). *Úthlutunarreglur 2015-2016*. Sótt af https://www.lin.is/lin/UmLIN/Log_og_reglur/uthlutunarreglur.html
- Lánasjóður íslenskra námsmanna. (e.d.-b). *Skólagjaldalán*. Sótt af <http://www.lin.is/lin/Namsmenn/skolagjaldalan.html>
- Lög um framhaldsskóla nr. 57/1988.

Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996.

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.

Menntamálaráðuneytið. (1994). *Nefnd um mótun menntastefnu*. Sótt af <https://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/utgefin-rit-og-skyrslur/HTMLrit/nr/2091>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (e.d.). *Menntun og menning*. Sótt af https://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-PDF-Althjodlegt/MENNTAMAL_ESB_BG_1.pdf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2010). *Mótun stefnu um nám alla ævi: Þróun menntastefnu á Íslandi í evrópsku samhengi*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011: Almennur hluti*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014a). *Hvítbók um umbætur í menntun*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014b). *Samantekt úr Education at a glance 2014. Skýrsla OECD um menntatölfræði*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2015). *Skýrsla verkefnahóps um fullorðins- og framhaldsfræðslu*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Merriam, S. B. og Caffarella, R. S. (1999). *Learning in adulthood: A Comprehensive guide* (2. útgáfa). San Frásisco, CA: Jossey- Bass Publishers Inc.

Merriam, S. B., Caffarella, R. S. og Baumgartner, L. M. (2007). *Learning in adulthood: A comprehensive guide* (3. útgáfa). San Francisco, CA: Jossey- Bass Inc.

Mímir símenntun. (e.d.-a). *Grunnmenntaskólinn*. Sótt af <http://www.mimir.is/lengri-namsleidir/grunnmenntaskolinn/>

Mímir símenntun. (e.d.-b). *Menntastodir*. Sótt af <http://www.mimir.is/lengri-namsleidir/menntastodir/>

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. (e.d.). *Menntastodir staðnám 1*. Sótt af <http://www.mss.is/namsbrautir/nam/mennt-s1/2407>

- Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir. (2008). *Annað tækifæri - í nám að nýju. Reynsla og líðan fullorðinna kvenna með litla formlega menntun sem hefja nám að nýju*. (Óbirt meistaraþrófsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Reglugerð um fullorðinsfræðslu og endurmenntun nr. 297/1997.
- Reglugerð um breyting á reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla nr. 1150/2008.
- Reglugerð um nám og námskeið sem eru viðurkennd sem vinnumarkaðsúræði nr. 1223/2015.
- Ríkisendurskoðun. (2012). *Frumgreinakennsla íslenskra skóla*. Reykjavík: Ríkisendurskoðun.
- Ríkisendurskoðun. (2014). *Rekstrarstaða og reiknilíkan framhaldsskóla*. Reykjavík: Ríkisendurskoðun.
- Ríkisendurskoðun. (2015). *Eftirfylgni: Frumgreinakennsla íslenskra skóla*. Reykjavík: Ríkisendurskoðun.
- Ríkismennt. (2015). *Úthlutunarreglur Starfs- og símenntunardeildar Ríkismenntar SGS. Almennt um skilyrði fyrir umsókn vegna einstaklingsstyrkja*. Sótt af http://www.rikismennt.is/default.asp?sid_id=21592&tre_rod=002|002|&tld=1
- Seidman, I. E. (2006). *Interviewing as qualitative research: A guide for researchers in education and the social sciences* (3. útgáfa). New York, NY: Teachers College Press.
- Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, Lára Rún Sigurvinsdóttir, Steingerður Ólafsdóttir og Kristín Erla Harðardóttir. (2014). *Viðhorf til þátttöku í námi á fullorðinsárum. Niðurstöður úr rýnihópum*. Háskóli Íslands: Menntavísindastofnun.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal. (2005). Brotthvarf ungmenna frá námi og uppeldisaðferðir foreldra: Langtímarannsókn. *Tímarit um menntarannsóknir*, 2, 11–23.
- Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. (e.d.). *Grunnmenntaskólinn*. Sótt af <http://www.simey.is/is/namskeid/namskeid-i-bodi/grunnmenntaskolinn-48823>
- Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. (2016). *Námsleiðir framhaldsmenntunar*. Sótt af <http://www.simey.is/static/files/namskra-vor-2016.pdf>
- Sjómennt. (2009). *Starfsreglur Sjómenntar - einstaklingsstyrkir*. Sótt af http://www.sjomennt.is/default.asp?sid_id=4359&tre_rod=001|001|&tld=1
- Starfsafl. (e.d.). *Styrkir til einstaklinga*. Sótt af <http://www.starfsafl.is/styrkir-til-einstaklinga/>
- Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks. (2014). *Starfsreglur starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks*. Sótt af <http://www.starfsmennt.is/is/starfsreglur-1/nyjar-starfsreglur>

Stefán Stefánsson. (2011). Þróun framhaldsfræðslu. *Gátt - Ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*, 6–8.

Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Sunna Karen Sigurþórsdóttir. (2015, 8. apríl). Námsúrræði fyrir þá eldri verði eflað í kjölfari breytinga. *Vísir*. Sótt af <http://www.visir.is/namsurraedi-fyrir-tha-eldri-verdi-efld-ikjolfar-breytinga/article/2015150409333>

Svandís Nína Jónsdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Hera Hallbera Björnsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir. (2003). *Utanskólarannsókn: Félagsleg staða ungmenna utan framhaldsskóla og samanburður við jafnaldra þeirra í framhaldsskólum*. Reykjavík: Rannsóknir & greining ehf.

Svanfríður Inga Jónasdóttir. (2005). *Námsáhugi fólks með litla formlega menntun*. (Óbirt meistaraprófsritgerð). Háskóli Íslands: Reykjavík.

Svava Guðrún Sigurðardóttir. (2011). *Eins hindrun er annars hvati: ástæður fyrir brotthvarfi og endurkomu kvenna til náms*. (Óbirt meistaraprófsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Sveitamennt. (2016). *Reglur um úthlutun úr einstaklingsdeild Sveitamenntar SGS og Launanevndar sveitarfélaga*. Sótt af http://www.sveitamennt.is/default.asp?sid_id=30628&tre_rod=002|&tld=1

Tough, A. (1979). *The adult's learning projects: A fresh approach to theory and practice in adult learning*. Toronto: Ontario Institute for Studies in Education.

Vinnumálastofnun. (e.d.-a). *Námssamningur 1*. Sótt af <https://www.vinnumalastofnun.is/radgjof-og-urraedi/starfsthjalfunar-og-namstaekifaeri/namstaekifaeri/namssamningur-1>

Vinnumálastofnun. (e.d.-b). *Námssamningur 2*. Sótt af <https://www.vinnumalastofnun.is/radgjof-og-urraedi/starfsthjalfunar-og-namstaekifaeri/namstaekifaeri/namssamningur-2>

Vinnumálastofnun. (e.d.-c). *Námsstyrkir*. Sótt af <https://www.vinnumalastofnun.is/radgjof-og-urraedi/starfsthjalfunar-og-namstaekifaeri/namstaekifaeri/namsstyrkir>

Þingskjal nr. 262/2009-2010. Frumvarp til laga um framhaldsfræðslu. *Alþingistíðindi A-deild*, sótt af <https://www.althingi.is/altext/138/s/pdf/0262.pdf>

Þingskjal nr. 1/2014-2015. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2015. *Alþingistíðindi A-deild*. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/144/s/pdf/0001.pdf>

Þingskjal nr. 1/2015-2016. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2016. *Alþingistíðindi A-deild*. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/pdf/145/s/0001.pdf>

Póra Ásgeirsdóttir (2009). „Ég var bara tossi.“ *Gátt - Ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*, 64–67.

Fylgiskjal 1

Viðtalsrammi

Bakgrunnsupplýsingar

Segðu mér aðeins frá sjálfri/sjálfum þér:

- Aldur, búseta, fjölskylduhagir, hjúskaparstaða

Fyrri skólaganga og störf

- Hvernig upplifðir þú grunnskólaárin? Hvernig myndir þú lýsa þeim?
 - Hvernig gekk námið?
 - Stuðningur frá skóla eða fjölskyldu?
- Fórstu í eitthvað nám strax að loknum grunnskóla?
 - Ef já. Hvernig gekk það? Hver var ástæðan fyrir að þú hættir á þeim tíma?
 - Ef nei. Hver var ástæðan fyrir að þú hélst ekki áfram námi eftir grunnskóla?

Aftur í nám

- Hverjar voru ástæður þess að þú ákvaðst að fara aftur í nám?
 - Bæta almenna hæfni
 - Fá starfsréttindi
 - Hvatning frá foreldrum/fjölskyldu/vinum
- Hvernig leið þér með þá ákvörðun?
- Fannstu fyrir einhverjum stuðningi við þessari ákvörðun um að fara aftur í nám?
 - Frá hverjum?
- Fjölskylda, vinir, maki, börn
- Hvað með hindranir?
 - Aðgengi
 - Fjármagn
 - Fjölskyldulíf
 - Námsferiðleikar
 - Skortur á upplýsingum

- Neikvæð fyrri reynsla af skólagöngu
- Skortur á sjálfstrausti
- Hverjar voru væntingar þínar til náms?
 - Starfsöryggi að náminu loknu
 - Bætt fjárhagsleg staða

Höfnun á umsókn um skólavist

- Í hvers konar nám sóttirðu um að fara í þegar þú sóttir um inngöngu í framhaldsskóla?
 - Bóklegt
 - Verklegt
- Hvaða skýringu fékkstu frá framhaldsskólanum um að hafa fengið neitun á umsókninni?
 - Aldur
- Hvaða tilfinningar komu upp þegar í ljós kom að þú fékkst neitun á umsókn þinni um skólavist?

Frumgreinanám

- Hvenær ákvaðstu að sækja um að fara í Háskólabrú?
- Uppfylltirðu þau inntökuskilyrði sem þurftu varðandi einingar þegar þú sóttir um inngöngu í frumgreinanámið?
- Varstu meðvituð/aður um Háskólabrú þegar þú sóttir um í framhaldsskóla?
- Hvernig komstu fyrst í kynni við Háskólabrú?
- Kom eitthvað annað nám eða annar skóli til greina áður en þú byrjaðir í Háskólabrú?
 - Hvernig gekk að finna finna nám við hæfi?

Fjármagn til náms

- Hvernig ertu að fjármagna námið?
 - Námslán
 - Vinna með skóla
- Hvernig gengur að samþætta vinnuna og skólann?

- Hvernig gengur að framfleyta fjölskyldunni með þær tekjur sem þú lifir á í námi?
- Hvernig gengur að samþætta fjölskyldulíf og skólann?

Áframhaldandi nám

- Hvað tekur svo við þegar þú hefur lokið Háskólabrú?
- Hvernig hafðir þú hugsað þér að fjármagna nám í Háskóla?
 - Námslán
 - Vinna

Framtíðin

- Á heildina litið, hvaða hindranir telur þú að þú hafir þurft að standa frammi fyrir með því að halda áfram námi?
 - Skert aðgengi
 - Fjármagn
 - Fjölskyldulíf
 - Skortur á upplýsingum
- Hvernig er upplifun þín, sem fullorðinn einstaklingur sem ákvaðst að snúa aftur til náms, á aðgengi að námi?

Lok

- Er eitthvað sem þú vilt bæta við sem við höfum ekki rætt?
- Má ég hafa samband við þig aftur ef til þess þarf?